

Dativus sympatheticus

Kristín Bjarnadóttir

Haust 1989

Er þér og nær að stanga **úr tönnum þér**
rassgarnarendann merarinnar
er þú ást áður en þú riðir til þings.

Ritgerð í námskeiði í sögulegri setningafræði
HÍ, haustmíssi 1989.
Kennari: Eiríkur Rögnvaldsson

©Kristín Bjarnadóttir 2011.

Birt á vefsíðu Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Brotið um aftur í nóvember 2011. Í textanum er nú haft ö í tilvitnunum sem áður voru stafréttar. Hríslur á bls. 28, 29 og 34 eru ófullgerðar. Vinsamlegast teiknið sjálf!

Viðauki A var handlitað ljósrit úr orðstöðulykli. Því er sleppt.

Fyrir lok janúar er svo ætlast til að nemendur skili lokaritgerð, byggðri á þeirri rannsókn sem þeir hafa gert. Ætlast er til að lokaritgerðin geti, með litlum breytingum, orðið kafli í nýrri bók um setningafræði fornmálsins, bók í líkingu við *Norrøn syntax* Nygaards. Nemendur þurfa því að ræða verklok og frágang við kennarann í lok námskeiðsins.

(Eiríkur Rögnvaldsson: Lýsing á markmiði og vinnutilhögum í námskeiðinu 05.41.08 Söguleg setningafræði, hausmisseri 1989.)

Þágufall með nafnorði. Nafnorð stýra venjulega eignarfalli ef þau taka með sér önnur nafnorð á annað borð. Ákveðinn fbkkur nafnorða getur þó stýrt þágufalli; það eru einkum orð sem tákna líkamshluta o.þ.h. (*hafa hendur í hári einhverjum, stíga á bak hestinum* o.s.frv.). Forvitnilegt er að skoða hvaða sambönd af þessu tagi koma fyrir í nafnorði, og hver orðaröðin er þá; þágufallsorðið getur líka stundum komið á undan, en hvenær?

(Eiríkur Rögnvaldsson: Verkefnislýsing í námskeiðinu 05.41.08 Söguleg setningafræði, hausmisseri 1989.)

Formáli

Ritgerð þessi er skrifuð undir handleiðslu Eiríks Rögnvaldssonar og kann ég honum bestu þakkir fyrir. Við höfum rætt svo mikið um efnið að ég veit ekki lengur hvaða hugmyndir eru frá honum komnar og hvað frá mér. Ég vil líka þakka Steingrími Þórðarsyni sem lánaði mér B.A.-ritgerð sína sem ekki er að finna á Háskólabókasafni. Ritgerð hans reyndist mér býsna gagnleg og er nú til í ljósríti á Málvísindastofnun. Baldur Jónsson prófessor á líka þakkir skildar fyrir að leyfa mér að skoða orðstöðulykil um nútímamál til að athuga dæmi um nokkur orð þar. Félagar mínir á lesstofunni og á Orðabók Háskólans og aðrir vistmenn í Árnagarði hafa líka lagt orð í belg um þetta efni. Takk fyrir aðstoðina!

Efnisyfirlit

1 Inngangur	1
2 Dativus sympatheticus	3
2.1 Eftirsett ákvæði í þágufalli	3
2.2 Um fyrri umfjöllun	5
2.2.1 Nygaard: Norrøn Syntax	5
2.2.2 Jakob Jóh. Smári: Íslensk setningafræði	7
2.2.3 Hanssen, Mundal & Skadberg: Norrøn grammatik	7
2.2.4 Afrakstur úr eldri ritum	8
2.3 Um órjúfanlega eign	9
3 Þágufall með nafnorði í Íslendingasögunum	11
3.0.1 Aðferðin	11
3.1 Könnun á forsetningarliðum	12
3.1.1 Dæmafjöldi og val dæma	12
3.1.2 Tákun eignar í forsetningarliðum	12
3.1.3 Færsla þágufalls út úr forsetningarlið	15
3.1.4 Nafnorð með þágufalli í forsetningarliðum	15
3.2 Könnun á nafnorðum	17
3.2.1 Hlutfall þágufalls miðað við aðra táknun eignar	18
3.2.2 Staða þágufallsorðanna	22
3.2.3 Þágufall með nafnorði utan Fl?	24
3.3 Helstu niðurstöður úr könnuninni	27
4 Vangaveltur	29
4.1 Með feld yfir höfði mér	29
4.2 Mér flug í hug	32
4.3 Mér vex kjarkur, mér fallast hendur	35
4.4 *Ég þvæhendur mér	36
5 Lokaorð	37

1 Inngangur

Ritgerð þessi er samin sem lokaritgerð í námskeiðinu 05.41.08 Söguleg setningafræði á haustmisseri 1989 og fjallar um notkun þágufalls með nafnorði í Íslendingasögunum. Hér er átt við notkun þágufalls í dæmum eins og *að fara á bak hestinum* og *að hafa hendur í hári einhverjum*.

Það er margt forvitnilegt við þessa formgerð þegar farið er að skoða hana nánar. Í fyrsta lagi er það mjög afmarkaður fbkkur nafnorða sem tekur með sér þágufall til að tákna eign eða hluta heildar. Nafnorð þessi virðast nær alltaf fela í sér að þau séu órjúfanleg eign eða hluti þess sem þau eru eignuð. Í öðru lagi virðist þágufallsnotkun af þessu tagi bundin við forsetningarliði og auk þess vera bundin við orðasambönd sem fela í sér einhverja hreyfi ngu (eða eitthvað dýnamískt), a.m.k. í nútímamáli. Tilbrigði í orðaröð eru líka talsverð í orðasamböndum með þágufalli og virðist þágufallsorðið þá vera fært út úr forsetningarliðnum. Oft er mjög erfi tt að skera úr um hvert frumlag er í slíkum dæmum og tengsl við setningar með aukafallsfrumlagi virðast því vera nokkur og e.t.v. óljós. Verið getur að á einhverju stigi hafi upprunalegt þágufall í eignarmerkingu í forsetningarlið verið endurtúlkað sem aukafallsfrumlag, a.m.k. í sumum tilfellum. Til samanburðar er líka áhugavert að skoða þágufallsfrumlög sem gætu hugsanlega verið af sömu rót runnin, jafnvel þótt í setningunum sé enginn forsetningarliður.

Öll þessi tilbrigði gefa tilefni til vangaveltna um ýmis atriði sem nú eru mikið til umræðu í fræðunum, en aðaltilgangurinn með þessari ritgerð er samt lýsing á staðreyndum málsins. Það helgast af því að í verkefnislýsingu í námskeiðinu kemur fram að ætlast er til að ritgerðin geti, án mikilla breytinga, orðið hluti af almennri lýsingu á borð við bók Nygaards, *Norrøn syntax*. Í slíkri lýsingu er sjálfsagt að taka tillit til þess sem nú er á döfi nni í fræðunum, en þó er vert að hafa í huga að kenningar í setningafræði virðast verða úreltar á nokkrum mánuðum nú um stundir. Beinhardar staðreyndalýsingar sem nýta má eftir þörfum til frekari umfjöllunar í takt við þær kenningar sem upp koma eru að mínu viti vænlegra efni í yfi rllitsrit en mjög sérhæfð og flókin fræði. Það er a.m.k. alveg víst að fleiri geta haft not af yfi rllitsriti um setningafræði forn máls ef það er ekki alltof fræðilegt. Auk þess halda staðreyndirnar gildi sínu ef þær eru þokkalega vel settar fram, þótt setningafræðikenningum sé kollvarpað.

Efnisskipan og efnistöð í ritgerðinni mótast nokkuð af þessari afstöðu minni. Í 2. kafa er formgerðin sem hér er fjallað um afmörkuð nánar og í stuttu máli greint frá því sem áður hefur verið skrifað um efnið. Í 3. kafa er lýsing á könnun á formgerðinni í orðstöðulykli Íslendingasagna í útgáfu Svarts á hvítu. Í kafanum er dæmasöfnun lýst, dæmi fbkkuð og niðurstöður settar fram í töflum. Þar kemur fram hvaða nafnorð taka með sér þágufall og hver hlutföllin eru milli notkunar þágufalls annars vegar og eignarfalls eða eignarfornafns hins vegar með þessum orðum. Í kafanum eru líka tölur um færslu þágufallsorðsins út úr forsetningarliðnum. Hugmyndir er að í kafanum sé fjallað um þágufall með nafnorði á hlutlausan hátt og að í honum sé að fi nna efni sem nota meg í yfi rllitsritið, með umtalsverðum styttingum þó og e.t.v. með stuttum athugasemdum um efni 2. kafa. Í 4. kafa er drepíð á ýmis fræðileg vandamál sem tengjast efninu sem á undan er komið. Efni kafans er af minni hálfu ekki hugsað sem tillegg í yfi rllitsritið, enda er þar tæpt á ýmsu sem engin lausn virðist sjáanleg á. Í kafanum eru m.ö.o. misfastmótaðar hugmyndir sem settar eru fram sjálfri mér til ánægju án þess að nokkur ástæða sé til að hrella mjög marga með þeirri lesningu. Í 5. kafa eru örstutt lokaorð.

2 Dativus sympatheticus

Þegar leitað er að umfjöllun um þágufall með nafnorði¹ í bókum um íslenska málfræði verður afraksturinn heldur rýr, hvort sem leitað er í bókum um formál eða nútímamál. Í þessum kafla verður rakið hvaða útreið formgerðin fær í eldri ritum. Þar ber fyrst að telja að hún er ekki alltaf skilgreind á sama hátt og hér er gert og verður auk þess oftast aðeins efni í athugasgrein innan um aðra umfjöllun um þágufall. Þess vegna er byrjað á því hér til glöggvunar að afmarka nánar þá formgerð sem fjallað er um með tilvísun í nútímamál. Á eftir umfjölluninni um eldri rit er síðan sagt frá athugun Steingríms Þórðarsonar á táknum órjúfanlegrar eignar í íslensku, en þar er að fi nna bitastaðust skrif tengd breytingum á notkun þágufalls með nafnorði í íslensku.

2.1 Eftirsett ákvæði í þágufalli

Í *Setningafræði* Höskuldur Þráinssonar (útg. 1986, hér eftir HP 1986) er fjallað um eignarfallseinkunnir og eignarfornöfn og sýnt hvernig þessi eftirsettu ákvæði falla inn í nafnliðareglu hans, þ.e.a.s. hvernig „nafnliðir geta verið sérstök tegund ákvæða innan nafnliða“ (HP 1986:95). Ekki er sérstaklega rætt um nafnliði í þágufalli sem ákvæði innan nafnliðar en í skýringu með nafnliðareglu Höskuldur má þó sjá að nafnliðurinn þarf ekki endilega að vera í eignarfalli [leturbreyting mín]:

$$NI \longrightarrow (fn) (fn) (to) (Ll)^* \text{ no } \left(\begin{array}{l} NI \\ efn \end{array} \right) (F1)$$

Hér á slaufusviginn um NI og efn innan sviganna næst á eftir no að sýna að þarna geti ýmist staðið nafnliður (sem er þá **gjarna** í eignarfalli) eða eignarfornafn.
(Höskuldur Þráinsson 1986:95)

Í íslensku nútímamáli virðast öll dæmi um þágufall með nafnorði vera bundin við forsetningarliði og erfi tt er að ímynda sér þágufall með nafnorði þar sem fyrra nafnorðinu er ekki stýrt af forsetningum. Í stað þágufallsins er hægt að setja forsetingarlið, eignarfallseinkunn eða eignarfornafn.² Nokkur blæbrigðamunur er á notkuninni eftir því hver þessara kostar er tekinn eins og sjá má á dæmunum hér á eftir. Af þeim má e.t.v. ráða að máli skipti hvort ákvæðið er nafnorð eða fornafn. Það virðist jafnvel skipta máli hvort persónufornöfn eru í 1. eða 3. persónu (sjá 1.a og 1.d). Formgerðin virðist líka vera stílbundin, eins og sjá má ef munurinn á þágufalli með *lófa* og *lúku* er skoðaður og þungir nafnliðir ganga tæplega í þágufallsákvæðinu (sjá 3):³

¹Í bókinni *Norrøn grammatikk* eftir Eskil Hanssen, Else Mundal og Kåre Skadberg (sjá 2.2.3 hér) er örstuttur kaflur um þágufall með nafnorði, eða **dativus sympatheticus** eins og formgerðin er nefnd þar. Þetta er eini staðurinn í heimildum mínum þar sem svo mikið er haft við að fyrirbærinu sé gefið nafn.

²Munurinn á notkun eignarfalls, eignarfornafns eða forsetningarliðar er vandamál sem ekki verður rætt hér. Þar vísast í Steingrím Þórðarson 1979 og þar heimildir sem þar eru taldar.

³Í (1.c stendur þágufallsákvæðið með nafnorði með ákveðnum greini. Ekki verður fjallað um þetta hér og vísast í ritgerð Þorsteins G. Indriðasonar (1990).

- (1) a Settu fi ðrildið í lófa mér
 b Settu fi ðrildið í lófa minn
 c Settu fi ðrildið í lófann á mér
 d ??Settu fi ðrildið í lófa henni
 e Settu fi ðrildið í lófa hennar
 f Settu fi ðrildið í lófann á henni
 g ???Settu fi ðrildið í lófa stúlkunni
 h Settu fi ðrildið í lófa stúlkunnar
 i Settu fi ðrildið í lófann á stúlkunni
- (2) a ??Settu poppkornið í lúku mér
 b ?Settu poppkornið í lúku mína
 c Settu poppkornið í lúkuna á mér
 d *Settu poppkornið í lúku honum
 e Settu poppkornið í lúku hans
 f Settu poppkornið í lúkuna á honum
 g *Settu poppkornið í lúku stráknum
 h Settu poppkornið í lúku stráksins
 i Settu poppkornið í lúkuna á stráknum
- (3) *Settu poppkornið í lófa þessum endemis óþekktar grislingi

Það er rétt að taka fram að þessi útlistun á þágufalli í nútímamáli byggist að mestu á minni eigin máltílfni nningu og engin skipuleg könnun liggur að baki henni. Það eru áreiðanlega margir sem alls ekki samþykkja neinar af setningunum með þágufalli með nafnorði hér að ofan. Jafnframt er rétt að nefna að lausleg skoðum á seðlum í seðlasafni Orðabókar Háskólans bendir til þess að þágufall með nafnorði sé að mestu bundið við föst orðasambönd.⁴ Eins og oft vill verða taka slík sambönd breytingum illa, eins og sjá má af því að illa gengur að setja eignarfall í stað þágufallsins í dæmi (4):

- (4) a Farðu á bak hestinum⁵
 b *Farðu á bak hestsins
 c Farðu á bak á hestinum

Öll dæmi sem hér hafa verið gefi n eru um þágufall með nafnorði í forsetningarlið. Á eftirfarandi dænum má sjá að þágufall með nafnorði í frumlagssæti gengur ekki:

- (5) a *Lófi mér er þvalur
 b Lófi minn er þvalur
 c Lófi nn á mér er þvalur
 d *Lúka stráknum er full af poppkorni
 e *Bak hestinum er illa kembt

Dæmi um formgerð sem hugsanlegt væri að greina sem þágufall með andlagi er *að þvo hár sér* eða eitthvað í þá átt. Það skal tekið fram að dæmið er heimatilbúið. E.t.v. er hægt að fi nna einhver slík dæmi í orðasamböndum, en næsta öruggt má telja að formgerðin er ekki virk í nútímamáli. Reyndar má sennilega halda því fram með nokkrum rétti að fyrirbærið þágufall með nafnorði sé svo bundið stíl og orðasamböndum í nútímamáli að það teljist leyfar einar. Nánar verður fjallað um þetta atriði síðar.

⁴Að undanförmu hef ég unnið við greiningu sagnanna *koma* og *fara* hjá Orðabók Háskólans. Þar er fjöldi dæma um þágufall með nafnorði og athyglisverðar flekjur þessarar formgerðar og aukafallsfrumлага. Sjá nánar í kafli 4.

⁵Viðmændur mínir voru ekki á eitt sáttir um *að fara á bak hjólinu* og skiptust nokkuð eftir aldri. E.t.v. er það aðeins eldra fólkíð sem man eftir orðinu *hjóllhestur*?

2.2 Um fyrri umfjöllun

Eins og nefnt er hé rað framan er umfjöllun um þágufall með nafnorði heldur af skornum skammti í bókum um málfræði forna málsins. Þar er í besta falli minnst á þessa formgerð í köflum um þágufall og oftar en ekki eru skýringar næsta litlar og fðkkun önnur en sú sem hér er notuð. Til þess að fi nna dæmn verður því að leita hér og þar og síðan verður að vinsa úr þau dpmi sem teljast vera þeirrar tegundar sem lýst er hér að ofan. Afraksturinn er lítill, en auk nokkurra dæna má fi nna almenna umfjöllun um þágufall sem e.t.v. getur komið að gagni. En niðurstaðan af „rannsóknun“ á eldri ritum um viðfangsefnið hér er mjög í sama anda og athugasemd Halldórs Ármanns Sigurðssonar (1985) í greininni *Diachronic Icelandic Syntax: Some Practical and Theoretical Problems*:

If we want to do any meaningful work on diachronic Icelandic syntax, we will have to base it on our own basic research on historical Icelandic syntax.

(Halldór Ármann Sigurðsson 1985:9)

Hér á eftir fylgir lýsing á umfjöllun Nygaards (1906) um þágufall með nafnorði og einnig er rakið hvað sagt er um efnið í bók Jakobs Jóh. Smára (1920) og Hanssen, Mundal og Skadberg (1975). Þessar línur eru hafðar hér með til að sýna það svart á hvítu hvað efnið er rýrt. Það er rétt að nefna það að hvergi er minnst á þetta fyrirbæri í málfræðibók Iversens (7. útg. 1973).

2.2.1 Nygaard: *Norrøn Syntax*

2.2.1.1 Þágufall með nafnorði?

Dæmi um þágufall með nafnorði er að fi nna á tveimur stöðum í bók Nygaards, *Norrøn syntax* (1906), þ.e. í kaflanum um frumlagseyður (*Udeladelse af subject*, bls. 8–16) og í kaflanum um eiginlegt þágufall (*Egentlig dativ*, bls. 98–106).

Í kaflanum um frumlagseyður kemur fram að Nygaard gerir ráð fyrir því að eiginleg frumlög geti aðeins staðið í nefnifalli en orð í þágufalli geta verið frumlagsígildi, þ.e. þau „skiljast sem frumlag“, eins og sést í grein 16 hjá Nygaard [feitltrun mín]:

En *ubestemt* virkende kraft eller *indflydelse* underforstaaes som subject ved *transitive* verber eller verber med *dativisk eller genitivisk styrelse*, hvorved udtrykkes [...]

c) *sanseindtryk og legemlige fornemmelser*; mart berr nú **fyrir augu mér** (NJ. 69,14) þegar brá kláða á kvarmana (OH. 224,26) þaðan af tók verk allan ór kverkunum (OH. 197,2) sjái þér eigi, at nú lægir segl þeirra ok draga þeir undan oss (Flat. II 308,35).

d) *sjælelige indtryk, forestillinger, sindsbevægelser og ytringer* deraf:

hitt er satt, at **búandkörlum** skaut skelk í **bringu** (Eg. 35,16) sló ótta í lið heiðingja (OH. 243,16) fýsir þik til nökkurra manna at fara (Hkr. 673,3) [...]
(Nygaard 1906:14–15)

Tvö af þessum dænum sem Nygaard greinir sem „frumlagsígildi“ er vert að athuga hér (sjá feitletrun). Dæmið *fyrir augum mér* er samkvæmt greiningu minni ótvírætt dæmi um þágufall með nafnorði í forsetningarlið. Dæmið *búandkörlum skaut skelk í bringu* má greina á tvo vegu. *Búandkörlum* er annaðhvort þágufall með nafnorðinu *bringa* í setningu með aukafallsfrumlaginu *skelk* eða þágufallsfrumlag með sögninni *skjóta*. Síðari greiningin er sambærileg við greiningu Nygaards á frumlagsígildi, sbr. tilvitnun hér að framan.

Í athugasgrein 3 við grein 100 í kaflanum *Egentlig dativ* (bls. 98–106, sjá athugasemd um skiptingu Nygaards á þágufalli hér á næstu síðu) fjallar Nygaard um notkun þágufalls sem e.k. viðurlags sem hann telur standa með allri setningunni, en ekki með einum setningarlið eins og t.d. eignarfall geri:

Anm. 3. Ofte føies et ord som hensynsbetegnelse til det hele udsagn istedetfor at sættes i et nærmere forhold (alm. som genitiv) til et enkelt led af sætningen, især hvor der til verbet med præp. er føiet nafnet paa legemsdel, klædnings stykke o.
1. (Nygaard 1906:99)

Þetta á sérstaklega við þegar sögn tekur með sér forsetningarlið um líkamshluta, fataplagg o.þ.h. Dæmi Nygaards eru ekki öll alveg af sama toga, a.m.k. er hugsanlegt að greina sum þeirra á fbiri en einn veg [feitletrun mín]:

Öllum hló hugr við (Hkr. 7,31) vin sínum skal maðr vinr vera (en úvinar síns skyli engi maðr vinar vinr vera (Háv. 43) ffa er þér þunga (Lok. 31) **bræðr þínum brjóst** raufaðir (H. H. 1,41) **þeim** er bróðir Byleists í för (Völ. 51) Skarði fell fyrir **fætr Þorkeli** (Hkr. 159,34) báru hirðmenn hann **á herðum sér** (Hkr. 91,1) konungr steig **á bak hesti sínum** (Hkr. 59,16) hon þóttist taka þron einn *ór serk sér* (Hkr. 46,12). (Nygaard 1906:99)

Síðustu 4 feitletruðu dæmin eru afdráttarlaus dæmi um þágufall með nafnorði í forsetningarlið (með orðunum *fótur*, *herðar*, *bak* og *serkur*). Hin þrjú feitletruðu dæmin er öll hægt að greina á tvo vegu, á svipaðan hátt og dæmið um *búandkarlana* í grein 16, bls. 15 hjá Nygaard sem vitnað er í hér á undan. Í dæminu *þeim er bróðir Byleists í för* er annaðhvort óvænt þágufall með nafnorði sem merkingarinnar vegna ætti ekki að taka með sér þágufall (*för* telst hvorki til líkamshluta né fataplagga) eða þágufall með sögninni *vera*, þ.e. *e-r er e-m e-ð* eða *í e-u* (Hvorugt er sérstaklega sannfærandi á þessu stigi málsins, sjá nánar í 4. kafa.) Í dæminu *öllum hló hugr við* er hugsanlegt að greina *öllum* sem þágufall með nafnorðinu *hugr* og þar væri þá dæmi um þágufall með nafnorði sem ekki er stýrt af forsetningu. Hinn kosturinn er að greina þágufallið sem aukafallsfrumlag og nefnifallið sem andlag. Á sama hátt er hægt að greina þágufallið *bræðr [bróður?] þínum* sem þágufall með *brjóst* eða sem óbeint andlag sagnarinnar *raufa*. Merkingarlega fellur dæmið *að vera vinr vin sínum* illa inn í þann fbkk sem hér er rætt um og dæmið er því ekki feitletrað hér. Vikið verður að þágufalli með sagnfyllingu í 4. kafa, en það er athyglisvert að Nygaard fbkkar þetta saman.

Nygaard nefnir einnig að þessi setningargerð komi oft fyrir í orðasamböndum með yfi r-færðri merkingu og gefur eftirfarandi orðasambönd sem dæmi [norksum orðaskýringum er sleppt]:

fá í hönd (hendr) *e-m* ...; *fara á hendr* *e-m* ...; *ganga til handa* *e-m* ...; *sitja* ell. *vera undir hendi* *e-m* ...; *stíga yfir höfuð* *e-m* ... o.l. (Nygaard 1906:99–100)

Öll þessi dæmi eru um þágufall með nafnorði í forsetningarlið. Frekari umfjöllun um þágufall með nafnorði er ekki að fi nna í *Norrøn syntax*, eftir því sem ég kemst næst.

2.2.1.2 Almennt um þágufall

Eins og fram kemur hér á undan fjallar Nygaard um þágufall með nafnorði í kafnum um „eiginlegt þágufall“. Í *Norrøn syntax* eru athugasemdir um sögu og einkenni þágufalls sem ágætt er að hafa í huga þegar þágufall með nafnorði er skoðað. Hér fylgja því nokkrar línur um þágufall hjá Nygaard, auk einnar athugasemdar um sama efni hjá Iversen.

Í kafa Nygaards um þágufall (bls. 98–128) er greint frá því að þágufall í norrænu er samruni eldri falla. Hann nefnir þar til þágufall (*dativ*, *tækis-* eða *verkfærisfall* (*instrumentalis*), *sviftifall* (*ablativ*) og *staðarfall* (*lokativ*). Dæmin í 2.2.1.1 hér á undan eru úr kafa Nygaards um eiginlegt þágufall, þ.e. fyrsta fallið sem hér er nefnt, *dativ* eða *egentlig dativ*. Nygaard telur óvissu í fbkkun þágufallsformgerða stafa af óljósum mörkum milli þessara fjögurra undirfbkka þágufallsins:

...det kan i adskillige tilfælde være tvilsomt, ikke blot i hvilken gruppe under hovedafdelingen, men ogsaa i hvilken hovedafdeling fænomenet hører hjemme.
(Nygaard 1906:98)

Ragnvald Iversen tekur í sama streng í *Norrøn grammatik* (1973:132) og segir að þágufallið norræna sýni þess enn merki að það gegni hlutverkum fallanna fjögurra, en mörkin milli þeirra séu ekki legur skýr vegna áhrifsbreytinga (*analogivirkning*). Formgerðum sem ekki eru skýrt afmarkaðar eða ótvíráðar hætta sennilega til að breytast, a.m.k. væri það í fullu samræmi við kenningar Lightfoots (1979) um gagnsæi og torræðni *transparency* og *opacity*, sjá 4. kafla hér á eftir). Athugasemd Iversens um aukna notkun forsetningarliðar í stað þágufalls gæti átt við um slíka breytingu:

Anm. Mens dativen således har autvidet sitt område sterkt, har den på den annen side i mange tilfeller måttet vike for bruk av preposisjon + styring.
(Iversen 1973:132)

Iversen fjallar ekki sérstaklega um þágufall með nafnorði, eins og þegar hefur verið vikið að. Þessi athugasemd hans um breytingu á notkun þágufalls er látin fjóta hér með vegna þess að hún er mjög í sama anda og athugasemdir Nygaards um óljós mörk milli undirfokka þágufalls. Hugsanlega er þarna að fi nna einhvern anga af skýringu á því hversu valt þágufall með nafnorði virðist vera í sessi.

2.2.2 Jakob Jóh. Smári: Íslensk setningafræði

Í bók Jakobs Jóh. Smára (1920) er mjög stutt grein um þágufall með nafnorði sem hér er höfð með, mest til gamans:

Oft er notað þgf. í stað eignarfalls, einkum þegar sögninni fylgir forsetningarliður (forsetn. + heiti á líkamshluta eða fati), t.d. öllum hló hugr við (Hkr.) hann setur broddinn fyrir brjóst hinum gamla manni (Þjs.) Ásmundur rak keflið þversum í gil honum (sst.) ganga e-m á hönd, vaxa e-m yfi r höfuð, fara með her á hendur e-m, o.s.frv.
(Jakob Jóh. Smári 1920:110)

Þágufallið stendur með nafnorði í forsetningarliði í öllum dæmunum nema því fyrsta, en sama dæmi er líka hjá Nygaard. (Sjá athugasemdir í 2.2.2.1.) Athyglisvert er að Jakob Jóh. Smári bendir á tengsl þágufallsins við eignarfall, þ.e. að þágufallið sé notað í stað eignarfalls. Hann virðist ekki gera greinarmun á setningarstöðu þágufallsins og eignarfallsins eins og Nygaard gerir.

2.2.3 Hanssen, Mundal & Skadberg: *Norrøn grammatik*

Nafnið *dativus sympatheticus* hef ég úr bók Eskils Hanssens, Else Mundal & Kåre Skadberg, sbr. nmgr. 1 á bls. 4 hér. Í kafla um eiginlegt þágufall þar (bls. 125–126) er bent á skyldleika sagnasambanda með *vera* eða *verða* og eftirfarandi forsetningarliðar annars vegar og þágufalls með nafnorði hins vegar. Hér er þátt við sagnasambönd eins og *verða e-m at bana* og *verða e-m til meins*. Tekið er fram að þágufall með nafnorði sé næstum alltaf innan forsetningarliðar og fylgi orði um líkamshluta. Dæmin eru þessi [norskum orðskýringum sleppt]:

kyssa á hönd e-m ...; Gísli hógr⁶ með sverðinu í höfuð þraelnum ...; sjá í andlit e-m; ganga til handa e-m ...; ...; öngullinn vá í gömminn orminum.
(Hanssen, Mundal & Skadberg 1979:126)

⁶Hér á að vera ø með broddi.

Á sama stað er einnig nefnt að þágufall af þessu tagi sé einnig notað með orðum um aðra hluti sem „teljast vera hluti persónunnar“, eins og t.d. fót: *hon tók þorn einn ór serk sér*. Þá er bent á að nota megi eignarfall (eignarforanafn) eða forsetningarsamband í sömu merkingu og *dativus sympatheticus*: *í brjósti Ögmundi = í brjósti Ögmunds (hans) = í brjósti á Ögmundi*. Umfjöllunin hér er stutt, skýr og greinargóð, eins langt og hún nær.

2.2.4 Afrakstur úr eldri ritum

Til glöggvunar verða nú taldar upp þær setningagerðir sem tæpt er á að séu hugsanlegar í þeim dæmum sem eru sýnd úr bókunum þremur í þessum kafla. Tekið skal fram að því er **ekki** haldið fram að allar þessar gerðir séu endilega til. Listinn er aðeins atlaður sem útdráttur úr kaflanum og efniviður í 4. kafla. Eitt dæmi er gefið um hverja gerð og þau nafnorð talin upp sem koma fyrir með þágufalli. Fangamörk höfunda sýna hvaðan dæmin eru.

- A** Þágufall með nafnorði í forsetningarlið
 Dæmi: *Skarði fell fyrir fætr Þorkeli*
 Með orðunum:
andlit (HM&S) *fótur* (MN)
auga (MN) *herðar* (MN)
bak (MN) *höfuð* (MN, JSS, HM&S)
brjóst (JSS, HM&S) *hönd* (MN, JSS, HM&S)
gin (JSS) *serkur* (MN, HM&S)
gómur (HM&S)
 Vafadæmi með orðunum:
bringa (MN, gæti verið aukafallsfrumlag, þ.e. **F**.)
för (MN, gæti verið þágufall með sögn)
- B** Þágufall með andlagi sagnar
 Dæmi: *bræðr þínum brjóst raufaðir* (MN)
 Vafadæmi, þágufallið gæti verið óbeint andlag, þ.e. **D**.
- C** Þágufall með frumlagi⁷
 Dæmi: *öllum hló hugr við* (MN, JSS)
 Vafadæmi, þágufallið gæti verið aukafallsfrumlag, sjá **F**.
- D** Óbeint andlag sagnar
 Dæmi: *bræðr þínum brjóst raufaðir* (MN)
 Vafadæmi, sjá **B**.
- E** Þágufall með sagnfyllingu (?)
 Dæmi: *vin sínum skal maðr vinr vera* (en úvinar síns skyli
engi maðr vinar vinr vera (MN)
 Vafadæmi. Virðist ekki falla vel hér inn.
- F** Aukafallsfrumlag
 Dæmi: *öllum hló hugr við* (MN, JSS)
 Vafadæmi, sjá **C**.

Nánar verður fjallað um þessar setningargerðir í 4. kafla.

⁷Orðaröð í þessu dæmi gæti orðið einhverjum efni til vangaveltna ef frumlagið er *hugur*.

2.3 Um órjúfanlega eign

Í B.A. ritgerð Steingríms Þórðarsonar *Um órjúfanlega eign*. „*Með tappa í heilanum á mér*“, og *skyldar formgerðir í íslensku* (1979) er fjallað um órjúfanlega eign⁸ í íslensku og breytingar sem orðið hafa á tákun hennar. Þar kemur fram að órjúfanleg eign getur komið fram í þremur formgerðum í íslensku, þ.e. sem nafnorð með forsetningarlið, sem nafnorð með þágufalli og sem nafnorð með eignarfalli eða eignarfornafni (þ.e. „venjuleg“ tákun eignar). Steingrímur leggur megináherslu á að athuga orð um líkamshluta, enda er sérstök tákun órjúfandi eignar í íslensku algengust með þeim. Hann fækkar dæmi um órjúfanlega eign í tvo aðalfbikka, eftir því hvort notaður er forsetningarliður eða aukafall fallorðs um eigandann. Flokkunin er á þessa leið (með góðfúslegu leyfi höfundar):

- A**
1. Með no + eignarfornafni: „Fá mér leppa tvá ór *hári þínu* . . .“ (Brennu-Njáls saga 1954:189).
 2. Með no + afturbeygðu fornafni: „Hann tók til ok batt ramliga menit á *háls sér*, . . .“ (Heimskringla I 141:38).
 3. Með no + aukafalli: „. . . hjó Kolr í *höfuð Gísla*, svá at í heila stóð, en sverðit kom í *höfuð Koli* ok beit ekki, . . .“ (Vestfi ríngasögur 1943:13)
- B.**
- Með no + forsetningunum /á/ eða /í/ (hin síðarnefnda er notuð, sé um innra líffæri eða líkamshluta að ræða + :
1. Þágufalli persónufornafna: „. . . og vard þetta fyrst fyrer hendene aa honvm . . .“ (Reykjahólabók I 1969:12¹⁴)
 2. Afturbeygðu fornafni, „. . . j *henndinne aa sier* (Reykjahólabók I 1969:56^{18–19}).
 3. Þágufalli: „. . . vnder *hondina aa pafanvm* . . .“ (Reykjahólabók I 1969:57²⁵).

(Steingrímur Þórðarson 1979:1–2)

Þágufall með nafnorði telst til A gerðar hjá Steingrími. Í fækkun hans er gerður greinarmunur á afturbeygðum fornöfnum (A 2.) og öðrum fallorðum í aukafalli (A 3.) en þar er ekki skilið á milli notkunar þágufalls og eignarfalls frekar en í nafnliðareglu Höskuldar Þráinssonar (sjá 2.1, bls. 5).

Steingrímur skoðar texta allt frá 13. öld til nútímas og kemst að þeirri niðurstöðu að í þeim sé sýnileg breyting á tákun órjúfanlegrar eignar. Tákun órjúfanlegrar eignar með forsetningarlið (þ.e. gerð B hér að ofan) nái yfi rhöndinni í Reykjahólabók á 16. öld. Í textum frá 17. og 18. öld er A gerðin algengari, en B gerðin verður síðan ráðandi í textum frá 19. og 20. öld. Steingrímur fullyrðir ekki að um raunverulega málbreytingu sé að ræða og bendir á að önnur skýring sé rétt eins líkleg:

Að B gerðin sé mjög gömul í málinu, en A gerðin hafi þótt betra mál og menn kosið að nota hana, er þeir skrifuðu. M.ö.o. munur á ritmáli og talmáli.

(Steingrímur Þórðarson 1979:29)

Aukna tíðni B gerðarinnar á 19. og 20. öld má þá e.t.v. rekja til aukinna áhrifa talmáls, að mati Steingríms. Þarna túlkar hann tölur úr rannsókn sinni af mikilli hógvæð, en bendir jafnframt á atriði sem bent gætu til þess að A gerðin væri á undanhaldi í málinu, m.a. það að hún kemur einkum fyrir í hátíðlegu ritmáli á 20. öld, „t.a.m. sögum sem innræta kristilegt hugarþel“. (Sjá Steingrímur Þórðarson 1979:30.) Hann bendir líka á að mörg dæmi um A gerð eru föst orðasambönd sem ekki er hægt að breyta. Dæmi hans sýna best hvað við er átt:

⁸Órjúfanleg eign (*inalienable possession* er eign eða hluti heildar sem ekki er hugsanlegt að nema á brott eða missa. Það er ekki einsdæmi í íslensku að órjúfanleg eign birtist á annan hátt en önnur eign. Dæmi um slíkt er t.d. að fi nna í grísku Hómers, fi ji og ýmsum indíánamálum. Sjá Steingrímur Þórðarson 1979.

Sagt er, að „menn horfi í gaupnir sér“, en ekki „... í gaupnirnar á sér“, „menn mæla fyrir munni sér“, en ekki „... munninum á sér“, „menn leika við hvern sinn fi ngur“, en ekki „... fi ngurna á sér“. Hundar „liggja fram á lappir sínar“, en ekki „... lappirnar á sér“.

(Steingrímur Þórðarson 1979:30–31)

Steingrímur gerir þá athugasemd að alkunna sé „að gamlar orðmyndir geymast best í föstum orðatiltækum“. Þetta er í fullu samræmi við skemmtilega kenningu Östens Dahl sem nefna má á fremur óformlegan hátt „holukenninguna“ og er í stuttu máli á þá leið að formgerðir eigi sér ákveðið æviskeið. Þær hefja ævina hátt uppi en taka síðan að hrapa niður (með ýmsum afleiðingum) og enda ævina sem steingervingar í gjótu eða holu einni ægilegri þar sem þær dagar uppi.⁹ Ef hægt er að sýna að þágufall með nafnorði í íslensku nútímamáli komi aðeins fyrir í föstum orðatiltækjum og jafnframt að orðaröð sé ekki lengur í samræmi við almennar reglur í málinu eða jafnvel að setningargerð hafi verið endurtúlkuð gæti það bent til þess að tölur Steingríms um landvinninga B gerðar (FI) á kostnað A gerðar (NI) bendi til raunverulegrar málbreytingar. Næsta stig er því að athuga stöðu þágufalls með nafnorði í forna málinu.

⁹Östen Dahl nefndi breytingar af þessu tagi *Hole-in-the-ground Changes* í fyrirlestri um breytingar á tákun tíðar- og horfkerfa á námskeiði í merkingarfræði á vegum Gautaborgarháskóla. (ÖD 4. ág. 1989.) Fyrirlesturinn fjallaði um líftíma og málkerfi sbindingu merkingarlegra formgerða. Sjá líka Bybee, Joan L., & Östen Dahl. (Handrit, án ártals.)

3 Þágufall með nafnorði í Íslendingasögunum

Í þessum kafla verður greint frá könnun minni á þágufalli með nafnorði í orðstöðulykli þeim sem Eiríkur Rögnvaldsson o.fl. eru að vinna upp úr Íslendingasagnaútgáfu Svarts á hvítu. Nemendur í námskeiðinu um sögulega setningafræði á haustönn áttu þess kost í fyrsta sinn að nota tölvutækan texta og orðstöðulykil til dæmaleitar í fornum textum. Það þarf ekki að fjölyrða um það hver bylting þetta er, en jafnvel með þessu móti er ekki sjálfgefið hvernig standa skuli að dæmaleit, eins og fram kemur hér á eftir.

3.0.1 Aðferðin

Vandamálið við að skipuleggja dæmaleit í þessu verkefni er tvíþætt. Fyrirfram er hvorki vitað hvaða einstök nafnorð það eru sem taka með sér þágufall né nákvæmlega hver setningargerðin er þar sem þágufall af þessu tagi getur komið fyrir. Leit í orðstöðulyklinum er að sjálfsögðu bundin við stafrófsröð uppfættiorða og jafnvel með leitarforriti er aðeins hægt að leita að ákveðnum strengjum, þ.e. orðum (einu eða fleirum) eða orðhlutum. Í 2. kafla hér á undan kemur fram að það er talið einkenni á fyrirbærinu að nafnorðið sem tekur með sér þágufallið tákni órjúfanlega eign, en sá fbkkur nafnorða er á engan hátt aðgengilegur og sennilega yrði að lesa allan orðstöðulykilinn til þess að leita að einstökum orðum. Í 2. kafla kemur líka fram að þágufall með nafnorði er talið algengast í forsetningarliðum, en eitt af athugunarefnum hér er einmitt hvaða setningargerðir aðrar koma við sögu. Leit í forsetningarliðunum einum dugur því heldur ekki til þess að fi nna öll dæmi um þágufall með nafnorði svo að óyggjandi sé. Til þess að fá alveg öruggar niðurstöður væri því réttast að leita að öllum þáguföllum sem fyrir koma og fi nna þannig þau þáguföll sem standa með nafnorði. Sú leið er þó ekki fær með þeim aðferðum sem nú eru tiltækar þar sem orðin í gögnunum eru ekki fallgreind. Þágufallsendingar duga heldur ekki sem leitarstrengir í textunum vegna þess að þær eru margræðar og auk þess eru mörg orð endingarlaus í þágufalli. Jafnvel þótt hægt væri að leita að öllum orðum í þágufalli er hætt við að yfi rþyrmandi dæmafjöldi yrði heldur til að letja til verksins, en gera má ráð fyrir að dæmin sem skoða þyrfti yrðu meira en 57.000, ef hlutfall þágufalls í forna málinu er sambærilegt við hlutfallið í nútímamáli.¹⁰ En eins og áður sagði er þessi leið ekki fær að svo stöddu. Það er því ljóst að fara verður einhverjar krókaleiðir til þess að leita bæði að setningargerðinni þar sem þágufall með nafnorð getur komið fyrir og nafnorðunum sem hún er bundin við og það er líka ljóst að dæmalistinn verður ekki tæmandi.

Í þessari könnun var sá kostur valinn að leita fyrst að nafnorðum sem taka með sér þágufall í dænum um valdar forsetningar í orðstöðulyklinum. Nafnorðalistinn sem þannig fæst var síðan skoðaður sérstaklega. Vonandi eru nógu mörg nafnorð á þessum lista til þess að gefa góða mynd af því hvernig þau fbkkast og í hvaða setningargerðum þau koma fyrir.

¹⁰Samanlagður fjöldi nafnorða og fornafna í Íslendingasögunum er 212.052, skv. tölum Eiríks Rögnvaldssonar í fyrirlestri hans á 4. Rask-ráðstefnunni, 25. nóvember 1989. Hlutfall þágufalls í nafnorðum í íslensku nútímamáli er 28,94% og hlutfallið í fornöfnum er 25,23%, skv. tölum Friðriks Magnússonar (1988).

3.1 Könnun á forsetningarliðum

3.1.1 Dæmafjöldi og val dæma

Kosturinn við að leita í dænum um forsetningar er að þær eru lokaður orðfbkkur og orðaforðinn er takmarkaður. Í 5. útgáfu af *Íslenskri málfræði* Björns Guðfi nssonar (1958) eru forsetningar taldar vera 47 (bls. 80–81). Í orðstöðulyklinum eru forsetningar fbkkaðar með atviksorðum, en jafnvel atviksorðin eru ekki sérstaklega mörg, sbr. tölur Eiríks Rögnvalds-sonar (ER 1989c) um tíðni orða og orðmynda þar. Heildarfjöldi atviksorða (uppfættiorða) er aðeins 706 eða 5,65% af heildarorðaforðanum. Ókosturinn er hins vegar sá að atviksorð (og forsetningar) eru meðal algengustu orða í málinu. Í orðstöðulyklinum eru atviksorð 23,12% lesmálsorða eða 173.484. Samanlagður dæmafjöldi 25 algengustu forsetninganna er 91.849 (þ.e. dæmi um *í, til, á, um, við, með, fyrir, af, eftir, upp, út, frá, úr, fram, yfir, inn, undir, niður, ofan, aftur, hjá, milli, utan, undan* og *móti*; tölur lagðar saman úr listum ER 1989). Vegna þessa gífurlega fjölda var tekinn sá kostur að leita helst þar sem talin var von á þágufalli með nafnorði, þ.e.a.s. aðallega með forsetningum sem tákna hreyfi ngu. Skoðuð voru 24.742 dæmi um forsetningarnar *á, af, frá, fyrir, hjá, í, með, til, um, úr, undir, við* og *yfir*. Dæmin voru ymist úr öllum sögunum í orðstöðulyklinum eða úr Njálu einni.¹¹

3.1.2 Táknun eignar í forsetningarliðum

Í töflu I hér á eftir sést hvernig skiptingin á táknun eignar reyndist vera í þessum taplega 25 þúsund dænum. Talningin var gerð með því að merkja við þáguföll, eignarföll og eignarfor- nöfn í eignarmerkingu með nafnorðum á ljósriti af orðstöðulyklinum. Aðgreining eignarfalls og eignarforafna getur reyndar orkað tvímælis, eins og Friðrik Magnússon hefur bent á (FM 1984:102–104), en þar segir hann rök fyrir því að greina á milli eignarfalla persónufornafna og eignarforafna vera „nánast eingöngu beygingarlegs eðlis“ þar sem eignarföll persónu- fornafnanna hagi sér eins og eignarforafn en ekki eins og aðrar eignarfallseinkunnir, þ.e. þau „geta staðið alls staðar þar sem eignarforafnin geta staðið en eignarfallseinkunnirnar ekki“. Í samanburði við þágufall í eignarmerkingu er a.m.k. engin ástæða til að greina þarna á milli, þar sem eignartáknunin virðist vera sú sama merkingarlega hvort sem notað er eignarfall eða eignarforafn. Reynt var að merkja líka við forsetningarliði í eignarmerkingu í orðstöðulyklinum, en þar reyndust dæmi vera mjög fá og auk þess erfi tt að greina þau frá öðrum forsetningarliðum með nafnorðum. Réttast er því að taka tölum um forsetningarliði í eignarmerkingu hér á eftir með nokkrum fyrirvara. Tafla I skýrir sig að mestu leyti sjálf. Þó er rétt að nafna að spurningarmerkið táknar orð sem eru eins í eignarfalli og þágufalli, en gætu verið þágufall samkvæmt umhverfi sínu. Þær tölur eru ekki sérlega marktakar vegna þess að auðvelt er að láta sér sjást yfi r orðmynd sem gæti eins verið eignarfall, ef hún stendur í langri runu af þágufallsorðum eða í orðasambandi sem vitað er að alltaf er með þágufalli. Sennilega væri réttast að fbkka öll dæmi sem hér eru undir spurningarmerkinu sem þágufall, en það er þó ekki gert hér. Orð sem ótvíratt eru í eignarfalli voru heldur ekki merkt sérstaklega, þótt orðmyndin væri sú sama og í þágufalli.

¹¹Upphaflega var atlunin að nota allar sögunar jafnt. Þegar tölvan neitaði að afgreiða meira en 2.000 dæmi um hvert uppfættiorð var gripið til þess ráðs að nota dæmi úr Njálu einni. Skiptingin sést á töflu I, bls. 23.

Tafla I. Eignartáknun í forsetningarliðum¹²

<i>fs.</i>	<i>þgf.</i>	<i>ef+</i> <i>efn</i>	<i>ef</i>	<i>efn</i>	<i>Fl</i>	<i>?</i>	<i>eign</i> alls	<i>dæmi</i> alls	<i>heimild</i>
á	551	975	680	295	21	5	1.552	11.908	Allar s.
af	4	30	14	16	0	0	34	452	Njála
frá	1	19	8	11	0	0	20	176	Njála
fyrir	29	273	155	118	4	0	306	2.000	Allar s.
hjá	0	54	25	29	0	0	54	705	Allar s.
í	68	80	32	38	0	0	148	1.588	Njála
með	0	38	4	34	0	0	38	665	Njála
til	25	147	43	104	0	0	172	1.845	Njála
um	14	216	149	67	0	0	230	2.000	Allar s.
undir	6	8	4	6	0	0	14	87	Njála
úr	51	84	39	45	1	0	136	1.403	Allar s.
við	1	68	24	44	0	0	69	822	Njála
yfir	35	72	29	49	0	0	107	1.091	Allar s.
	785	2.064	1.206	858	26	5	2.880	24.742	

Ástæða er til að nefna að hlutföll dæma með þágufalli í forsetningunum sem eingöngu eru teknar úr Njálu er 2% af heildarfjölda dæma, en í öðrum forsetningum er sambærilegt hlutfall 4%. (Ath. þar eru dæmi úr Njálu með öðrum dænum.) Dæmi um forsetningar sem eingöngu eru úr Njálu eru 5.635, önnur dæmi eru 19.107. Að svo komnu máli er erfi tt að segja til um hvort hér er einhver raunverulegur munur á Njálu og öðrum textum, en mér finnst það þó í hæsta máta ólíklegt. Það er sennilega alvarlegri slagsíða á talningunni að dæmi um *á* eru tæplega helmingur allra dæma. Helst þyrfti að bæta úr þessu með því að skoða aðrar stórar forsetningar í öllum sögunum, t.d. *í* og *til*. Það verður þó ekki gert að sinni.

Eins og sjá má á töflu I er nokkur munur á fjölda þágufallsorða eftir því í hvaða forsetningu er leitað. Þágufall kemur t.d. ekki fyrir með forsetningunum *hjá* og *með*, en er meira en hálfdrætingur við samanlagt eignarfall og eignarforafn í dænum um *á*, *í*, *undir*, *úr* og *yfir*. Þessi hlutföll sjást betur á töflu II:¹³

¹²Athugasemdir við Töflu I:

á: Dæmi úr öðrum orðbókum fundust innan um dæmi um *fs.*

fyrir: Fyrstu 2.000 dæmin úr öllum sögunum, af 5.155. Ath. að tölvan velur ekki jafnt úr öllum sögunum, heldur tekur úr sögunum í stafrófsröð. Dænum um *fyrir framan* (1), *fyrir ofan* (3), *fyrir sunnan* (*norðan*, *austan* og *vestan* o.þ.h.) er sleppt.

í: Dænum um *í sundur*, *í gegnum*, *í mót* (23) og *í móti* (37) er sleppt.

um: Fyrstu 2.000 dæmin úr öllum sögunum, af 7.013. Sjá nmgr. 14. ATH! nr.!

¹³Reiknað er með forritinu Multiplan án aukastafa og þess vegna er summa neðstu línunnar aðeins 99! Sambærilegar skekkjur eru í öðrum töflum.

Tafla II Hlutföll þgf, ef og efn í eignarmerkingu
(Eign alls = 100%)

<i>fs.</i>	<i>þgf</i>	<i>ef</i>	<i>efn</i>	<i>ef+efn</i>	<i>annað</i>	
á	35%	44%	19%	63%	2%	Allar s.
af	12%	41%	47%	88%	0%	Njála
frá	5%	40%	55%	95%	0%	Njála
fyrir	9%	51%	39%	89%	1%	Allar s.
hjá	0%	46%	54%	100%	0%	Allar s.
í	46%	22%	32%	54%	0%	Njála
með	0%	11%	89%	100%	0%	Njála
til	15%	25%	60%	85%	0%	Njála
um	6%	65%	29%	94%	0%	Allar s.
undir	43%	29%	29%	57%	0%	Njála
úr	38%	29%	33%	62%	0%	Allar s.
við	1%	35%	64%	99%	0%	Njála
yfi r	33%	27%	40%	67%	0%	Allar s.
	27%	42%	30%	72%	0%	

Vert er að hafa í huga að verið er að leita að fyrirbæri sem ekki er sérstaklega algengt í textum. Þágufall með nafnorði fi nnsst aðeins í 3% dæma um forsetningarliði, en eignarfall eða eignarfornamefn í 8% dæm. Samanlagt hlutfall þágufalls, eignarfalls og eignarfornamefns af heildarfjölda dæma í könnuninni er samkvæmt töflunni 12%, en eins og í fyrri töflu er ekki reiknað með aukastöfum og stafar skekkjan af því.

Tafla III Hlutföll Fl með þgf, ef og efn í eignarmerkingu
af heildarfjölda dæma um hverja forsetningu

<i>fs.</i>	<i>þgf</i>	<i>ef+efn</i>	<i>ef</i>	<i>efn</i>	<i>eign alls</i>	
á	5%	8%	6%	2%	12%	Allar s.
af	1%	7%	3%	4%	8%	Njála
frá	1%	11%	5%	6%	11%	Njála
fyrir	1%	14%	8%	6%	15%	Allar s.
hjá	0%	8%	4%	4%	8%	Allar s.
í	4%	5%	2%	3%	9%	Njála
með	0%	6%	1%	5%	6%	Njála
til	1%	8%	2%	6%	9%	Njála
um	1%	11%	7%	3%	12%	Allar s.
úr	4%	6%	3%	3%	10%	Allar s.
undir	7%	9%	5%	5%	16%	Njála
við	0%	8%	3%	5%	8%	Njála
yfi r	3%	7%	3%	4%	10%	Allar s.
	3%	8%	5%	3%	12%	

Niðurstaða þessarar talningar er því sú að „eignar“einkunnir séu notaðar í u.þ.b. 12% af þeim tæplega 25 þúsund forsetningarliðum sem skoðaðir voru. Af þeim eru u.þ.b. fjórðungur í þágufalli og í örfáum dæmum er notaður forsetningarliður til táknunar eignar. Dæmi um eignarfall eða eignarfornamefn eru næstum því þrefalt fleiri en dæmi um þágufall. Í kafla 3.3.1 hér á eftir verður sagt frá sambærilegri talningu sem gerð var á nafnorðum sem einhver dæmi um þágufall fundust með.

3.1.3 Færsla þágufalls út úr forsetningarlið

Í dænum Jakobs Jóh. Smára í 2.2.2 hé að framan eru m.a. dæminganga *e-m á hönd* og *vaxa e-m yfir höfuð*. Ef það er rétt að þágufallið sé uppfunnið í forsetningarliðnum (eins og Jakob Smári virðist reyndar gera ráð fyrir) er ljóst að það hefur verið flutt þaðan með einhverju móti. Í þessum kafta verður ekki gerð nein tilraun til að skýra þessa færslu, en drepíð verður á eitt forvitnilegt atriði í sambandi við hana. Eins og fram kemur í töflu IV á næstu síðu standa 11% þágufallsorða sem hér eru skoðuð framan við forsetninguna og hlutfall fornafna (þ.e. persónufornafna og afturbeygða fornafnsins, nefnt *fn* í töflum hér á eftir) á þessum stað sem er mun hærri en hlutfall þessara fornafna í þágufalli inni í forsetningarliðnum. Heildarhlutfall fornafnanna af þágufallsorðunum er 58% en nafnorð og fornöfn önnur en persónufornöfn og afturbeygða fornafnið eru alls 42%. (Í töflum hér á eftir er þessi síðari flokkur nafnliða nefndur *no*.) Á undan forsetningu eru 85,4% þágufallsorða persónufornöfn eða afturbeygt fornafn, en á eftir forsetningu eru 55,1% þágufallsorðanna persónufornöfn eða afturbeygt fornafn. Í töflu IV er notuð skammstöfunin *þgfl* um þágufallsorð á undan forsetningu, en *þgf2* um þágufallsorð sem kemur á eftir nafnorði í forsetningarlið.

Tafla IV. Færsla þágufallsorðs út úr forsetningarlið

fs.	<i>þgfl</i>		<i>þgf1</i>		<i>þgfl</i>		<i>þgf2</i>		<i>þgf2</i>		<i>þgf</i>	
	<i>fn</i>	%	<i>no</i>	%	<i>alls</i>	<i>fn</i>	%	<i>no</i>	%	<i>alls</i>	<i>alls</i>	
á	32	6%	8	1%	40	256	47%	254	46%	510	550	
af	0	0%	0	0%	0	3	75%	1	25%	4	4	
frá	0	0%	0	0%	0	1	100%		0%	4	1	
fyrir	0	0%	0	0%	0	21	72%	8	28%	29	29	
í	26	38%	4	6%	30	22	32%	16	24%	38	68	
til	3	12%	0	0%	3	12	48%	10	40%	22	25	
um	2	14%	0	0%	2	11	79%	1	7%	12	14	
úr	7	14%	0	0%	7	36	71%	8	16%	44	51	
undir	0	0%	0	0%	0	4	67%	2	33%	6	6	
við	0	0%	0	0%	0	0	0%	1	100%	1	1	
yfir	0	0%	0	0%	0	15	6%	10	40%	35	35	
	70	9%	12	2%	82	381	49%	311	40%	692	774	

3.1.4 Nafnorð með þágufalli í forsetningarliðum

Nafnorð með þágufalli sem fundust við leit í forsetningalistunum fara hér á eftir. Skýringar við flokkun þeirra fylgir töflu V, en einnig verður fjallað um orðin í 3.3 hér á eftir þar sem sagt er frá síðari hluta könnunarinnar á þágufalli með nafnorði, en hún fellst einmitt í nánari athugun á þessum orðum.

Tafla V. Nafnorð með þágufalli í 24.742 F1¹⁴

A. Orð um líkamshluta (43):

armleggur	fang	herðar	lend	skalli
auga	fi ngur	hæll	lær(i)	skegg
bak	fótur	höfuð	magi	tönn
bringa	geirvarta	hönd	munnur	úlfiður
bringspalir	gómur	kinn	nári	þjóhnappur
brjóst	handarstúfur	kinnbein	nef	þumalfi ngur
brún	handleggur	kló	nös	öxl
enni	háls	kné	rist	
eyra	hásin	kverk	síða	

B. Orð um fatnað og annan búnað (4):

belti	serkur	bogastrengur	taumur
-------	--------	--------------	--------

C. Orð um aðrar „órjúfanlegar eignir“ manna (6):

hugur	minni	megn	skap
spor	sporður		

D. Orð um órjúfanlegan hluta heildar (4):

borð (á skipi)	hjalt (á sverði)
hlýr(i) (á öxi)	útborði (skips)

E. Orð um fasta afstöðu í rúmi (3):

hlið	nánd	leg
------	------	-----

Í liðum A og B í töflunni eru orð sem búast mátti við samkvæmt bókum þeim sem vitnað er í í 2. kafla, þ.e. orð um líkamshluta og fatnað eða annan búnað. Í lið C eru orð um aðrar órjúfanlegar (og óáþreifanlegar) eignir manna. Þessi fbkkur er að því leyti áhugaverður að mörg orð sem hugsanlega gætu tengst honum koma oft fyrir í setningum með aukafallsfrumlagi, þ.e. orð um ýmis konar tilfi nningar og eðlisþætti manna. Hér eru dæmi um þess háttar orð þó aðeins 4, en orðin *spor* og *sporður* eru sett hér með þar sem þau virðast notuð í óeiginlegri merkingu¹⁵ með þágufalli. Í lið D eru orð um órjúfanlegar „eignir“ hluta, þ.e. vopna og skipa. Það má e.t.v. halda því fram að vopn og skip séu persónugerð að einhverju marki fyrst þágufallið er notað til eignartáknunar með þessum orðum. Orðin í lið E eru ekki mjög samstæð, en öll vísa þau í eiginleika sem ekki er hugsanlegt að hlutir (eða menn) geti verið án, ef þeir eru á annað borð hlutverulegir (m.ö.o. ef þeir eru til). Það er þannig ekki hugsanlegt að sá maður (eða hlutur?) sé til sem ekki hefur *hlið* og sama má segja um *nánd*. Ef eitthvert fyrirbæri er til þá hlýtur það að vera staðsett einhvers staðar í tíma og rúmi og þá hlýtur eitthvað (eða a.m.k. *tómið*) að geta verið í *nánd* þess.¹⁶ Orðið *leg* varð tilefni til

¹⁴Athugasemdir með töflu V:

Orðið *bak* hagar sér rétt eins og önnur orð um líkamshluta og tekur með sér þágufall. Þá virðist ekki skipta máli hvort merking þess er bókstaftg (t.d. *fara á bak hestinum*) eða yfi rfærð í samböndum sem merkja „að fara aftur fyrir“ eða „á bak við e-ð“ (t.d. *fara á bak húsinu*). Fyrri merkingin skipar orðinu í lið A í þessari töflu, en síðari merkingin í lið E. Dæmið *á bak jólum* sýnir að sama gildir um afstöðu í tíma og rúmi. Slík dæmi eru þó ekki mörg.

Samkvæmt einu dæmi, *undir kverk öxinni*, átti orðið *kverk* að falla undir lið D. Orð voru þó aðeins sett á einn stað í þessum lista.

Eitt dæmi um orðið *taumur* átti e.t.v. heldur heima undir lið C.2 þar sem í því er yfi rfærðri merkingu: *Það mun mér síst í tauma ganga ...* (Njála 12;139).

¹⁵Mér fi nnst varla við hæfi að fbkka *sporð* sem líkamshluta *manns*.

¹⁶Skemmtilegt dæmi um sambærilegt atriði fann ég á seðli um sögnina *fara* (seðill 978) í seðlasafni Orðabókar Háskólans: *fór laðan mér á hvarf* (Ársrit Ísf. 1966,33). Ef einhver hlutur er til þá hlýtur að vera haegt að fara á hvarf við hann Annað orð sem túlka má á þennan hátt er *mót*, en dæmi um það eru ekki með í þessari könnun þar sem

nokkurra heilabrota, en um það var aðeins eitt dæmi: [*Flosi*] *tekur lík Kols . . . og gefur mikið fé til legs honum.* (Njála 158;344). Ég fæ ekki annað ráðið af þessari notkun þágufallsins en að höfundur Njálu hafi þótt það algerlega óhugsandi að líki manns væri ekki ætlaður staður í jörðu.

Vafadæmi voru nokkur í fyrstu yfirferð vegna þess að ekki vara gengið út frá því sem gefnu að orðin sem taka með sér þágufall mynduðu eðlilegan fíkk merkingarlega. Meðal vafadæma eru *verða e-m til sæmdar* (1 dæmi) og *taka (gefa/bera/veita) fé til liðs sér/e-m* (4 dæmi) og *veita e-m björg (lið/hjálp)*. Dæmin má túlka á tvo vegu, sbr. 2. kafli. Við talninguna var erfiðtt að taka afstöðu til vafadæma af þessu tagi vegna þess að setningagreiningin var ekki sjálfgefið n. (Að henni verður vikið í 4. kafli, en hún er óleyst vandamál enn.) Mér telst til að u.þ.b. 10 vafadæmi af þessu tagi hafi þvælst inn í talninguna í fyrri hluta könnunarinnar og tölur um þau séu þess vegna með í forsetningarlistunum. Vegna óvissunnar í túlkun setningagerðar var þessum dæmum hins vegar hafnað þegar að því kom að fíkk nafnorðin, enda eru orðin ekki til í ótvíræðum dæmum um þágufall með nafnorði eins og það birtist í dæmigerðustu mynd. Skekkjan stendur eftir í forsetningarlistunum vegna þess að ógerlegt var að telja upp aftur til þess að losna við dæmin og endurtaka alla reikninga að því loknu. Nanforð sem skoðum voru sérstaklega og að lokum hafnað voru þessi: *bani, dauði, sár; björg, hjálp, lið; ágæti, skömm, sómi og sæmd*. Flestum dæmum um þessi orð var hafnað áður en talið var, en öll orðin koma aðeins fyrir í setningagerðum sem deila má um. Merkingarlega væri e.t.v. ekki mjög erfiðtt að túlka a.m.k. sum þessara orða sem e.k. órjúfanlegar „eignir“ eða eðlislæga eiginleika manna. Það er t.d. ekki óhugsandi að *sæmd* hafi einhvern tíma verið túlkuð á þennan hátt og það hafi verið óhugsandi að vera án hennar. Merkingarleg greining á vafaorðunum verður þó ekki gerð hér, en vikið verður að setningagerðum sem þessi orð koma fyrir í í 3.3.3 og í kafli 4.

3.2 Könnun á nafnorðum

Síðari hluti könnunarinnar sem hér er lýst fólst í nánari skoðun á nafnorðunum sem talin eru upp og fíkkuð í töflu V, en segja má að þau séu öll um órjúfanlega eign af einhverju tagi, þótt túlkunin á hugtakinu þurfi e.t.v. að vera nokkuð rýmri en ætla má af bókum Nygaards og Jakobs Smára. Forvitnilegustu dæmin í töflu V eru að mínu mati í lið C og E og vafalaust mætti finna mun fleiri svipuð dæmi ef sérstaklega væri leitað að þeim.¹⁷ Að þessu sinni verður þó ekki fjallað um önnur orð en þau sem fundust í dæmunum um forsetningarnar 13 úr orðstöðulyklinum. Nafnorðin eru 60 og dæmi um þau eru 5.478.

Hugmyndin var að komast að því hvort þessi orð stæðu alltaf með *þágufalli* í eignarmerkingu og hver hlutföll þágufalls og annarrar eignartáknunar væri ef svo væri ekki (eins og reyndar var vitað fyrir). Niðurstöðutölur um þetta atriði eru í 3.3.1 hér á eftir. Athugun á færslu þágufallsorðsins út úr forsetningarlið er efni í 3.3.2. Að lokum (í 3.3.3) er lausleg athugun á setningagerðum með þágufalli, öðrum en þágufalli með nafnorði í forsetningarlið (sbr. setningagerðir þar sem taldar eru upp sem afrakstur úr eldri ritum í 2.2.4 hér að framan). Þessi dæmi voru athuguð til eþss að athuga hvort þágufall sem ekki er upprunnið í forsetningarlið gæti verið af sams konar gerð og þau þáguföll sem hér hefur verið fjallað um. Eins og áður var talið í orðstöðulyklinum og að nokkru leyti á tölvuskjá.

orðið er nú greint sem forsetning í *í móti e-m*. Ef orðið er greint sem nafnorð, eins og t.d. er gert í *til móts við e-n* þá fellur það inn í þennan fíkk.

¹⁷*Vald* guðs er t.d. órjúfanlegur hluti af guðsmyndinni, skv. eftirfarandi dæmi: *Farðu nú guði á vald í grátt brókarhald, Jón Hreggviðsson frá Rein* (HKL Íslandsklukkan bls. 139).¹⁸ Engin dæmi eru um þágufall með *vald* í Íslendingasöggunum, enda er þar meira fjallað um vald konunga og höfðingja en guðs. Það eru tæplega aðrir en guð sem ekki er hugsanlegt að tapi valdi sínu þar sem það er skilgreiningaratriði að guð sé almáttugur — ef hann er til. (Sbr. handrit að kennslubók í rökfræði, Erlendur Jónsson 1989). Dæmið rakst ég á í seðlasafni Orðabókar Háskólans (*fara*, seðill 801). Slíkt dæmi gefa skemmtilega mynd af þankaganinum sem að baki liggur.

Í eftirfarandi kafa eru fyrirferðarmiklar töflur með tölum um einstök nafnorð sem tæplega geta talist aðgengilegt lesefni, enda eru aðalatriðin úr þeim sett fram í textanum sjálfum. Til hægðarauka fylgja líka yfi rlitstöflur (nr. VII og IX) þar sem aðeins eru gefnar heildartölur um nafnorðafþykkana samkvæmt skiptingunni í töflu V.

3.2.1 Hlutfall þágufalls miðað við aðra tákun eignar

Við athugun á orðum sem vitað var að gætu tekið með sér þágufall í eignarmerkingu kom í ljós að dæmi um notkun eignarfalls, eignarfornamefns eða forsetningarliðar voru tiltölulega fá miðað við fjölda dæma um þágufall sem voru 80%. Í 3.2.2 hér að framan kom fram að u.þ.b. 25% af eignar„einkunum“ í tæplega 25 þúsund forsetningarliðum var í þágufalli. Munurinn á nafnorðunum í 3.2.2 og hér er sá að í fyrri hluta könnunarinnar eru nafnorðin sjálf ekki valin á nokkurn hátt, en í síðari hlutanum eru aðeins skoðuð orð sem vitað er að geta tekið með sér þágufall. Munurinn er samt ótrúlega mikill ef miðað er við máltilfningu nútímamanns.

Í nútímamáli eru það samkvæmt tilfningunni aðeins nafnorð í forsetningarliðum sem fela í sér hreyfingu sem taka með sér þágufall. Ef sama gildir um forna málið þá hlýtur mikill meirihluti þeirra forsetningarliða sem hér eru skoðaðir að vera af þeirri gerð. Það virðist heldur ótrúlegt, en engin tölur eru á því nú að greina öll dæmin eftir merkingu til þess að sjá hvort í þeim felst hreyfing þannig að úr þessu verður ekki skorið hér. Eftir lauslega athugun á þágufalli með orðunum *fótur* og *höfuð* tel ég þó að fullljóst sé að þágufallið sé **ekki** bundið hreyfingu í fornu máli, ens og sést á eftirfarandi dæmum (tilvitnanir úr orðstöðulyklinum og vísað í kafa og blaðsíður í útgáfu Svarts á hvítu):

- (6) Dæmi um þágufall með *fótur*:
 - a. svo að **sæi** í himin **milli fóta sér** (Korm 10;1482)
 - b. skautheklu og hneppa niður **í milli fóta sér**. (Bárð 19;70)
 - c. og sá svo skýin **milli fóta sér**. (Gullþ 17;1138)
 - d. þá rifnaði jörðin **undir fótum þeim** (Bárð 18;71)
 - e. að hann skyldi liggja **fyrir fótum þeim** (Egla 88;515)
 - f. Þóttist hann þá kenna yxnishúðina **á fótum þeim**. (Harð 23;1279)
 - g. Þá heyrðu þeir mannamál **undir fætur sér niður**. (Egla 46;423)

- (7)
 - a. eg vil eigi lengur eiga þá báða **yfir höfði mér** (Þórð 12;2040)
 - b. að hafa himininn jafnan **yfir höfði mér** (Vopnf 12;1998)
 - c. og hefi r grímu **á höfði sér** (Heið 33;1389)
 - d. því að hann ann henni sem augum **augum í höfði sér**. (Njála 135;294)
 - e. Bolöx mun standa **í höfði þér** af hinum versta manni (Laxd 75;1650)
 - f. sveinninn sat **undir höfðum honum** en mý settist á skallann honum. (LjósA 1;1723)
 - g. hann skyldu heita **í höfuð föður sínum** (Bárð 11;60)
 - h. [Þóroddur] lá fram **á höfuð griðunginum** milli hornanna (Eyrb 63;620)
 - i. hann lamdi saman gólfi ð fyrir **ofan höfuð honum** (Eyrb 53;606)

Í nútímamáli gengur þessi notkun þágufallsins tæplega og dæmi eins og *ég sit á baki hestinum* teljast fremur vond, eða jafnvel alvond.¹⁹ Sambærileg dæmi hér að ofan eru (7) f. og h. Í fyrra dæminu er notuð sama sögnin (*sitja*) en í síðara dæminu er líkingin fólgin í því að þar er líka maður á baki dýri. Þetta atriði væri e.t.v. vert að skoða í nútímamáli, en það gæti reynst erfi tt nema með því að nota mjög umfangsmikinn orðstöðulykil sem ekki liggur á lausu enn sem komið er. Athugun á þróuninni til nútímamáls hvað þetta varðar verður því að bíða betri tíma, en eftirfarandi tölur um skiptingu milli mismunandi formgerða (þ.e. þágufalls, eignarfalls eða eignarfornafns og forsetningarliðar) virðast benda til þess að þágufallið hafi ekki verið bundnar við hreyfi ngu í bundnu máli. Til þess eru tölurnar of afgerandi.

Í töflu VI. hér á eftir eru tölur um einstök nafnorð sem skipt er í fbkka á sama hátt og í töflu V. Hlutfallstölur eru miðaðar við heildartölur um **eign** (=100%). Heildartölur um eignareinkunnir (þágufall, eignarfall, eignarfornöfn og forsetningarliði) með nafnorði í forsetningarliði eru merktar *+FI*; eignareinkunnir utan forsetningarliðar eru merktar *-FI** (þ.e. eignarföll, eignarfornöfn og forsetningar til tákunar með rökliðum sagna). Tölur um setningagerðir sem hugsanlega mætti túlka sem þágufall með nafnorði utan forsetningarliðar er sleppt hér, en slík dæmi eru fá. (Sjá 3.3.3.) Tölur um *ef* eru samanlagðar tölur um eignarföll og eignarfornöfn. Sambærilegar tölur um ófbkkaða forsetningarliði eru í töflu I.

Tafla VI Táknun eignar með nafnorðum²⁰

A. Orð um líkamshluta:

	<i>dæmi</i>	<i>eign</i>	<i>+FI</i>	<i>þgf+</i> <i>+FI</i>	<i>ef+</i> <i>+FI</i>	<i>fs</i> <i>+FI</i>	<i>-FI*</i>	<i>%þgf</i> <i>af e.</i>	<i>%ef</i> <i>af e.</i>	<i>%FI</i> <i>af e.</i>
auga	175	71	51	45	6	0	20	63%	8%	28%
armleggur	3	2	1	1	0	0	1	50%	0%	50%
bak	375	126	122	120	2	0	4	95%	2%	3%
bringa	26	16	16	16	0	0	0	100%	0%	0%
bringspalir	9	3	2	1	1	0	1	33%	33%	33%
brjóst	72	40	39	36	2	1	1	90%	5%	3%
brún	31	12	9	9	0	0	3	75%	0%	25%
enni	14	5	4	3	0	1	1	60%	0%	20%
eyra	44	22	20	17	3	0	2	77%	14%	9%
fang	79	25	25	25	0	0	0	100%	0%	0%
fi ngur	19	5	4	4	0	0	1	80%	0%	20%
fótur	401	124	103	89	12	2	21	50%	0%	50%
geirvarta	5	3	2	1	0	1	1	33%	0%	33%
gómur	1	1	1	1	0	0	0	100%	0%	0%
handarstúfur	1	1	1	1	0	0	0	100%	0%	0%
handleggur	27	5	5	4	1	0	0	80%	20%	0%
háls	163	41	41	38	3	0	0	93%	7%	0%
hásin	3	2	2	1	1	0	0	50%	50%	0%
herðar	95	54	52	51	0	1	2	94%	0%	4%
hæðl	24	2	2	2	0	0	0	100%	0%	0%
höfuð	523	267	219	215	4	0	48	84%	1%	18%
hönd	1.655	836	759	668	91	0	77	80%	11%	9%
kinn	18	8	7	7	0	0	1	88%	0%	13%
kinnbein	2	2	1	1	1	0	0	50%	50%	0%
kló	7	3	3	3	0	0	0	100%	0%	0%
kné	107	56	56	54	2	0	0	96%	4%	0%
kverk	9	3	3	3	0	0	0	100%	0%	0%
lend	2	1	1	1	0	0	0	100%	0%	0%
lari	44	12	11	10	1	0	1	83%	8%	8%

¹⁹Kristján Árnason nefndi þetta dæmi sem merki þess að svona þágufall væri tæplega notað án þess að það væri bundið hreyfi ngu. (Kaffi stofan í Odda, 2. feb. 1990.)

magi	5	3	3	2	1	0	0	67%	33%	0%
munur	70	37	36	32	4	0	1	86%	11%	3%
nári	2	1	1	1	0	0	0	100%	0%	0%
nef	40	6	4	4	0	0	2	67%	0%	33%
nös	22	10	10	10	0	0	0	100%	0%	0%
rist	6	6	6	5	1	0	0	83%	17%	0%
síða	56	9	8	6	1	1	1	67%	11%	11%
skalli	12	5	4	3	1	0	1	60%	20%	20%
skegg	197	6	5	4	0	1	1	67%	0%	17%
tönn	27	6	2	1	1	0	4	17%	17%	67%
úlfíður	10	1	1	1	0	0	0	100%	0%	0%
þjóhnappur	9	1	1	1	0	0	0	100%	0%	0%
þumalfi ngur	2	1	1	1	0	0	0	100%	0%	0%
öxl	74	18	17	15	2	0	1	83%	11%	6%
Samtals	4.466	1.858	1.662	1.513	141	8	196	81%	8%	aa%

B. Orð um fatnað og annan búnað:

	<i>dæmi</i>	<i>eign</i>	<i>+Fl</i>	<i>þgf+</i> <i>+Fl</i>	<i>ef+</i> <i>+Fl</i>	<i>fs</i> <i>+Fl</i>	<i>-Fl*</i>	<i>%þgf</i> <i>af e.</i>	<i>%ef</i> <i>af e.</i>	<i>%Fl</i> <i>af e.</i>
belti	32	10	8	8	0	0	2	80%	0%	20%
bogastrengur	2	1	1	1	0	0	0	100%	0%	0%
serkur	7	5	5	3	2	0	0	60%	40%	0%
taumur	15	5	5	1	3	1	0	20%	60%	0%
Samtals	57	22	20	13	6	1	2	59%	27%	9%

C. Orð um aðrar órjúfanlegar eignir manna:

C.1.	<i>dæmi</i>	<i>eign</i>	<i>+Fl</i>	<i>þgf+</i> <i>+Fl</i>	<i>ef+</i> <i>+Fl</i>	<i>fs</i> <i>+Fl</i>	<i>-Fl*</i>	<i>%þgf</i> <i>af e.</i>	<i>%ef</i> <i>af e.</i>	<i>%Fl</i> <i>af e.</i>
hugur	326	147	134	131	3	0	13	89%	2%	9%
megn	12	4	3	2	1	0	1	50%	25%	25%
minni	19	5	5	3	2	0	0	60%	40%	0%
skap	189	64	57	36	21	0	7	56%	33%	11%
Samtals	582	220	199	172	27	0	21	78%	12%	10%
C.2.	<i>dæmi</i>	<i>eign</i>	<i>+Fl</i>	<i>þgf+</i> <i>+Fl</i>	<i>ef+</i> <i>+Fl</i>	<i>fs</i> <i>+Fl</i>	<i>-Fl*</i>	<i>%þgf</i> <i>af e.</i>	<i>%ef</i> <i>af e.</i>	<i>%Fl</i> <i>af e.</i>
spor	39	16	8	6	2	0	8	38%	13%	50%
sporður	10	4	3	2	1	0	1	50%	25%	25%
Samtals	49	20	11	8	3	0	9	40%	15%	45%
C.1+2.	<i>dæmi</i>	<i>eign</i>	<i>+Fl</i>	<i>þgf+</i> <i>+Fl</i>	<i>ef+</i> <i>+Fl</i>	<i>fs</i> <i>+Fl</i>	<i>-Fl*</i>	<i>%þgf</i> <i>af e.</i>	<i>%ef</i> <i>af e.</i>	<i>%Fl</i> <i>af e.</i>
Samtals	631	240	210	180	30	0	30	75%	13%	13%

²⁰Athugasemdir við töflu VI.

Öll dæmi um orðið *bak* eru fókkuð hér, jafnvel þótt merking sé yfi rfærð. Önnur orð eru líka aðeins sýnd á einum stað, jafnvel þótt þau ættu heima víðar samkvæmt þágufallsorðunum sem þau taka með sér. Sjá nmgr. 18 og 19.

Sleppa varð dænum um nefnifall eintölu af orðinu *síða* (með og án greinis) um dæmafjölda á því aðeins við aukaföll. Dæmin voru einfaldlega of mörg til þess að vit væri í að reyna að telja þau á skjá, en orðstöðulykillinn hafði ekki verið prentaður út. (Dæmi um *síðan* eru t.d. 3.251, og þá hefur ao. ekki verið greint frá no.)

Dæmafjöldi um orðið *skegg* er óeðlilegur vegna þess að mannsnafnið *Skeggi* fellur saman við þgf.et. Talið var á skjá og þess vegna var ekki hægt að greina hér í sundur, a.m.k. ekki á þeim tíma sem til afbgu var.

D. Orð um órjúfanlega hluta e-s:

	dæmi	eign	+Fl	þgf+	ef+	fs	-Fl*	%þgf	%ef	%Fl
				+Fl	+Fl	+Fl		af e.	af e.	af e.
borð	237	8	7	4	3	0	2	44%	33%	22%
hjált	27	5	1	1	0	0	4	20%	0%	80%
hlýr(i)	1	1	1	1	0	0	0	100%	0%	0%
útborði	1	1	1	1	0	0	0	100%	0%	0%
Samtals	266	16	10	7	3	0	6	44%	19%	38%

E. Orð um afstöðu í rúmi (eða tíma):

	dæmi	eign	+Fl	þgf+	ef+	fs	-Fl*	%þgf	%ef	%Fl
				+Fl	+Fl	+Fl		af e.	af e.	af e.
hlið	22	5	5	5	0	0	0	100%	0%	0%
leg	2	1	1	1	0	0	0	100%	0%	0%
nánd	34	16	16	15	0	1	0	94%	0%	0%
Samtals	58	22	22	21	0	1	0	95%	0%	0%

Tafla VII Yfirlit um eign með nafnorðum

	dæmi	eign	+Fl	þgf+	ef+	fs	-Fl*	%þgf	%ef	%Fl
				+Fl	+Fl	+Fl		af e.	af e.	af e.
A. Líkamshluti	4.466	1.858	1.662	1.513	141	8	196	81%	8%	11%
B. Fatnaður	57	22	20	13	6	1	2	59%	27%	9%
C.1 Ó.eign	582	220	199	172	27	0	21	78%	12%	10%
C.2 ...	49	20	11	8	3	0	9	40%	15%	45%
D. Hluti e-s	266	16	10	7	3	0	6	44%	19%	38%
E. Afstaða	58	22	22	21	0	1	0	95%	0%	0%
Samtals	5.478	2.158	1.924	1.734	180	10	234	80%	8%	11%

Af þessum tölum sést að notkun þágufalls í eignarmerkingu með þeim orðum um órjúfanlega eign sem hér eru skoðuð er yfi rgnæfandi eða rétt 80% af öllum dæmum um eignartáknun. Eignarfall eða eignarfornafn (með nafnorði í forsetningarlið) er aðeins notað í 8% dæma en forsetningarliðir í eignarmerkingu náðu ekki 1%, enda er heildarfjöldin aðeins 10. (Þær tölur eru þó ekki endilega marktækar, sbr. athugasemd í 3.2.2.) Aðeins 11% af eignartáknun var með nafnorðum utan forsetningarliðar og hefur þar ekki verið greint á milli eignarfalls, eignarfornafns og forsetningar.²¹ Þáguföll utan forsetningarliða eru ekki talin með hér, enda eru þau mjög fá. (Þau koma við sögu í 3.3.3 hér á eftir.) Ef eignartáknun með nafnorðum í forsetningarliðum er skoðuð sérstaklega þá verður hlutur þágufallsins á við samanlögð dæmi um eignarfall, eignarfornöfn og forsetningarliði ennþá meiri. Eins og fram kemur á töflu VII eru forsetningarliðir 1.924 í þessari talningu en dæmi um þágufall eru 1.734 eða yfi r 90%. Í talningunni á dæmum um forsetningarnar 13 í fyrri hlutanum voru dæmi um þágufall u.þ.b. fjórðungur af öllum eignareinkunum.

Sveiflir í hlutföllunum eru nokkrar eftir því hver nafnorðafbkkurinn er og skiptir þar nokkuð í tvö horf. Í fbkkum **A.** (orð um líkamshluta), **C.1** (orð um „órjúfanlegar eignir“ manna, t.d. *hugur* o.þ.h.) og **E.** (orð um afstöðu í tíma eða rúmi) er hlutur þágufallsins um og yfi r 80% af heildarfjölda dæma um eign, en í **B.** (orð um fatnað og annan búnað), **C.1** (orð í yfi rfærðri merkingu, t.d. *sporður*) og **D.** (orð um hluta e-s, t.d. vopna eða skipa) eru hlutföllin milli 40% og 60%. Verið getur að það sé (eða hafi verið) túlkunaratriði hvað **sé í raun og veru órjúfanleg eign** sem alls ekki er hægt að skiljast við, a.m.k. er skemmtilegt að velta fyrir sér þeim áhrifum sem hugmyndaheimur manna gæti haft á þessa málfræðiformgerð ef svo væri. En dæmin eru líka mjög mismörg í fbkkunum og það gæti haft einhver áhrif.

²¹Hlutföllin eru svipuð og innan forsetningarliðar en dæmin eru mjög fá.

3.2.2 Staða þágufallsorðanna

Í kafla 3.2.3 hér að framan er vikið að því að persónufornöfn og afturbeygt fornafn í þágufalli hafi ríkari tilhneigingu til þess að standa á undan forsetningu en sambærilegir „þyngri“ nafnliðir. Niðurstaða af sams konar talningu í síðara úrtakinu styður þessa niðurstöðu en persónufornöfn eða afturbeygt fornafn voru 85,9% þágufallsorða á undan forsetningu (85,4% í forsetningarliðunum í 3.2.3) en 58,4% á eftir nafnorði í forsetningarlið (55,1% í 3.2.3). Hér fylgir tafla sambærileg við töflu IV. sem sýnir gerð og stöðu þágufallsorða með nafnorðunum 60. Stytingar eru þær sömu og í töflu IV.

Tafla VIII. Táknun eignar með nafnorðum

A. Orð um líkamshluta:

	<i>þgf1</i>		<i>þgf1</i>		<i>þgf1</i>	<i>þgf2</i>		<i>þgf2</i>		<i>þgf2</i>	<i>þgf</i>
	<i>fn</i>	%	<i>no</i>	%	<i>alls</i>	<i>fn</i>	%	<i>no</i>	%	<i>alls</i>	<i>alls</i>
auga	16	36%	1	2%	17	24	53%	4	9%	28	45
armleggur	0	0%	0	0%	0	1	100%	0	0%	1	1
bak	0	0%	0	0%	0	63	53%	57	48%	120	120
bringa	4	25%	2	13%	6	9	56%	1	6%	10	16
bringspalir	0	0%	0	0%	0	1	100%	0	0%	1	1
brjóst	7	19%	0	0%	7	11	31%	18	59%	29	36
brún	2	22%	4	44%	6	2	22%	1	11%	3	9
enni	1	33%	0	0%	1	1	33%	1	33%	2	3
eyra	0	0%	1	6%	1	6	35%	10	59%	16	17
fang	0	0%	0	0%	0	15	60%	10	40%	25	25
fi ngur	2	50%	0	0%	2	2	50%	0	0%	2	4
fótur	5	6%	0	0%	5	57	64%	27	30%	84	89
geirvarta	0	0%	0	0%	0	1	100%	0	0%	1	1
gómur	1	100%	0	0%	1	0	0%	0	0%	0	1
handarstúfur	0	0%	0	0%	0	0	0%	1	100%	0	1
handleggur	0	0%	0	0%	0	4	100%	0	0%	4	4
háls	1	3%	0	0%	1	23	61%	14	37%	37	38
hásin	0	0%	0	0%	0	0	0%	1	100%	1	1
herðar	0	0%	0	0%	0	31	61%	20	39%	51	51
hæll	1	50%	0	0%	1	1	50%	0	0%	1	2
höfuð	3	1%	0	0%	3	136	63%	76	35%	212	215
hönd	137	21%	24	4%	161	253	38%	254	38%	507	668
kinn	0	0%	0	0%	0	5	71%	2	29%	7	7
kinnbein	0	0%	0	0%	0	0	0%	1	100%	1	1
kló	1	33%	0	0%	1	2	67%	0	0%	2	3
kné	0	0%	1	2%	1	39	72%	14	26%	53	54
kverk	0	0%	0	0%	0	3	100%	0	0%	3	3
lend	0	0%	0	0%	0	0	0%	1	100%	1	1
læri	0	0%	0	0%	0	4	40%	6	60%	10	10
magi	0	0%	0	0%	0	0	0%	2	100%	2	2
munnur	2	6%	4	13%	6	24	75%	2	6%	26	32
nári	0	0%	0	0%	0	0	0%	1	100%	1	1
nef	0	0%	0	0%	0	4	100%	0	0%	4	4
nös	0	0%	0	0%	0	7	70%	3	30%	10	10
rist	0	0%	0	0%	0	1	20%	4	80%	5	5
síða	0	0%	0	0%	0	2	33%	4	67%	6	6
skalli	0	0%	0	0%	0	2	67%	1	33%	3	3
skegg	0	0%	0	0%	0	2	50%	2	50%	4	4
tönn	0	0%	0	0%	0	1	100%	0	0%	1	1
úlfíður	0	0%	0	0%	0	0	0%	1	100%	1	1
þjóhnappur	0	0%	0	0%	0	0	0%	1	100%	1	1
þumalfi ngur	0	0%	0	0%	0	0	0%	1	100%	1	1
öxl	0	0%	0	0%	0	11	73%	4	27%	15	15
Samtals	183	12%	37	3%	220	748	51%	545	36%	1.293	1.513

B. Orð um fatnað:

belti	0	0%	0	0%	0	8	100%	0	0%	8	8
bogastrengur	0	0%	0	0%	0	1	100%	0	0%	1	1
serkur	0	0%	0	0%	0	3	100%	0	0%	3	3
taumur	1	100%	0	0%	1	0	0%	0	0%	0	1
Samtals	1	8%	0	0%	1	12	92%	0	0%	12	13

C. Annað**C1. Hugur o.fl.:**

hugur	109	83%	10	8%	119	12	9%	0	0%	12	131
megn	0	0%	0	0%	0	2	100%	0	0%	2	2
minni	3	100%	0	0%	0	0	0%	0	0%	0	3
skap	30	83%	5	14%	35	0	0%	1	3%	1	36
Samtals	142	83%	15	9%	157	14	8%	1	1%	15	172

C2. Spor o.fl.:

spor	2	33%	1	17%	3	0	0%	3	50%	3	6
sporður	0	0%	0	0%	0	2	100%	0	0%	2	2
Samtals	2	25%	1	13%	3	2	25%	3	38%	3	8

D. Hluti e-s:

borð	0	0%	0	0%	0	0	0%	4	100%	4	4
hjalt	0	0%	0	0%	0	1	100%	0	0%	1	1
hlýr(i)	0	0%	0	0%	0	1	100%	0	0%	1	1
útborði	0	0%	0	0%	0	0	0%	1	100%	1	1
Samtals	0	0%	0	0%	0	2	29%	5	71%	7	7

E. Afstaða:

hlið	0	0%	0	0%	0	3	60%	2	40%	5	5
leg	0	0%	0	0%	0	0	0%	1	100%	1	1
nánd	1	7%	1	7%	2	7	47%	6	40%	13	15
Samtals	1	5%	1	5%	2	10	48%	9	43%	19	21

Tafla IX Yfirlit um gerð og stöðu þágufallsnafnorðs

	þgf1		þgf1		þgf1		þgf2		þgf2		þgf2	
	fn	%	no	%	alls	fn	%	no	%	alls	þgf	alls
A. Líkamshl.	183	12%	37	3%	220	748	51%	545	36%	1.293	1.513	
B. Fatnaður	1	8%	0	0%	1	12	92%	0	0%	12	13	
C.1 Hugur o.fl.	142	83%	15	9%	157	14	8%	1	1%	15	172	
C.2 Spor o.fl.	2	25%	1	13%	3	2	25%	3	38%	3	8	
D. Hluti e-s	0	0%	0	0%	0	2	29%	5	71%	7	7	
E. Afstaða	1	5%	1	5%	2	10	48%	9	43%	19	21	
Samtals	329	19%	54	3%	383	788	45%	563	32%	1.349	1.734	

Sveiflur eru talsverðar og getur það e.t.v. stafað af dæmifæð. Föst orðasambönd hljóta líka að hafa töluverð áhrif. Dæmi um *e-m dettur e-ð i hug og e-m er e-ð að skapi* eru til dæmis mýmörg. Hér er gert ráð fyrir að þágufallsorðið í slíkum orðasamböndum sé í verunni þágufallseinkunn með nafnorðinu í forsetningarliðnum. Í 4. kafla verður aftur komið að þessu atriði.

3.2.3 Þágufall með nafnorði utan FI?

Í 2.2.4 hér að framan eru nefndar setningagerðir sem hugsanlega væri hægt að greina sem þágufall með nafnorði utan forsetningarliðar, þ.e. þágufall með frumlagi og þágufall með andlagi.²² Eins og þar er vikið að er einnig hugsanlegt að greina þágufallið í þessum setningum á annan hátt, þ.e. sem aukafallsfrumlag (t.d. *mér fallast hendur*) eða óbeint andlag sagnar t.d. *bræðr þínum brjóst raufaðir*, sjá bls. 14), enda er það yfi rleitt gert (a.m.k. hvað varðar frumlögin í yfi rborðsgerð, þótt skoðanir manna séu skiptar um það hvort þetta séu frumlög í djúpgerð). Athugasemd Jakobs Jóh. Smára (sjá 2.2.2) um það að þágufallið sé ekki bundið við forsetningarliði og fðkkun dæma hjá honum og Nygaard gefur þó tilefni til þess að athuga þetta aðeins, enda kemur í ljós að sömu nafnorðin (sem fela í sér órjúfanlega eign) birtast oft bæði í setningum þar sem þágufallsnafnorðið er (venjulega) greint sem aukafallsfrumlag og í setningum með þágufall í forsetningarliði. Þetta á einkum við um nafnorð úr fðkki **C.1** („Orð um aðrar órjúfanlegar eignir manna“, þ.e. orð um eiginleika, eðlisþætti og fleira óhlutstætt). Auðvitað getur verið að tvær óskyldar setningarlegar formgerðir séu merkingarlega skilyrtar á sama hátt, en það er samt ekki úr vegi að athuga hvort tenslin séu formleg líka (þ.e. setningarleg).

Ætlunin var að athuga þetta atriði á svipaðan hátt og annað efni sem þegar hefur verið greint frá, en í ljós kom að erfi tt var að henda reiður á þessum dæmum. Eins og fram kemur í umsögn um vafadæmi í nafnorðafðkkuninni í 3.2.4 hér að framan var þau einmitt að finna í setningum af þessari gerð, þ.e. þar sem útilokað var að þágufallið stæði upphaflega með nafnorði í **forsetningarliði**. Vandinn við dæmasöfnun (með talningu í huga) var fðlginn í því að ákveða **hvaða** þáguföll ætti að telja með (úr forsetningalistunum) og hver ekki. Þetta vandamál er tengt því að fyrirfram var ekki gengið út frá því sem gefnu hvaða nafnorð það væru sem gætu tekið með sér þágufall, enda var það hluti verkefnisins að komast að því. Það hefði sennilega ekki einu sinni verið nóg að hefja talningu að nýju eftir að listinn um nafnorð um órjúfanlega eign var orðinn til og leita þá sérstaklega að þessu fyrirbæri. Til þess að sjá hvort einhver munur er á ópersónulegum setningum þar sem þessi orð koma fyrir og öðrum ópersónulegum setningum með þágufall í frumlagssæti í yfi rborðsgerð þarf sennilega að safna dæmum um allar gerðir ópersónulegra setninga (með þágufalli) og það er of viðamikil verkefni að þessu sinni.

Dæmin sem fundust í nafnorðalistunum og skoða þarf í sambandi við þessar tvíraðu formgerðir eru ekki mörg og hér á eftir fylgja sýnishorn af þeim, þ.e. hugsanleg þáguföll með frumlagi í 3.3.3.1 og með andlagi í 3.3.3.2.

3.3.3.1 Þágufall með frumlagi?

Þágufallið í setningunum sem hér um ræðir er venjulega greint sem aukafallsfrumlag, a.m.k. í yfi rborðsgerð (þ.e. eftir útgáfu *On Complementation in Icelandic*, Höskuldur Þráinsson 1979). Ef þessi þágufallsorð eru greind sem þágufall með nafnorði felur greiningin um leið í sér breytingu á greiningu nafnorðsins sem verður mismunandi eftir því hvaða stefnu menn taka í fræðunum. Hugsunin að baki dæmum eins og *mér fallast hendur* yrði eitthvað í áttina að *hendur mér fallast*, þ.e. *hendur mér* yrði „skilið sem frumlag í setningunni“, eins og segir hjá Nygaard, og *mér* væri þá notað um eiganda þess sem felst í nafnorðinu sem tekur með sér órjúfanlega eign. Orðasambönd²³ af þessu tagi sem fundust í gögnum mínum fara hér á eftir.

²²Hugsanlegt þágufall með sagnfyllingu er líka nefnt í lið E í 2.2.4, en að því var ekki leitað í gögnum hér og kemur það því ekki frekar við sögu.

²³Í stað raunverulegra dæma er hér listi um orðasambönd sem sett eru upp með „hlutlausri“ orðaröð. Tilbrigði í orðaröð eru mjög mikil í raunverulegum dæmum, sjá Viðauka B.

(Tölur í svigum vísa til dæmafjölda en talningin er ekki áreiðanleg.)

- (9) Orðasambönd með hugsanlegu þágufalli með *auga*:
- honum voru augu þung (1)
 - e-m standa augu til e-s (2)
- (10) Orðasambönd með hugsanlegu þágufalli með *fótur*:
- e-m er stíður fóturinn (3)
 - e-m er fótur þungur (1)
 - þá skriðnuðu bónda fatur (1)
 - e-m skruppu faturin (3)
- (11) Orðasambönd með hugsanlegu þágufalli með *hugur*:
- er kveður sér illa [þungt/eigi/vel hug] segja um e-ð (6)
 - e-m kveðst illa [þungt] hugur um segja (2)
 - e-m segir svo [vel/illa/hinn veginn/eigi létt/...] hugur um (52)
 - e-m segur svo [...] hugur (5)
 - e-m segir það hugur (2)
 - e-m hrýs hugur við (4)
 - e-m gengst hugur við (4)
 - e-m er [lítill] hugur á [því] að (23)
 - e-m kveðst/gerist hugur á því að ... (2)
 - þetta býður mér hugur sem ... (1)
 - e-m býður hugur um að ... (1)
 - svo boðar mér hugur um ... (1)
- (12) Orðasambönd með hugsanlegu þágufalli með *hönd*:
- e-m fallast hendur
 - e-m eru mislagðar hendur
 - e-m er höndin ónýt
 - e-m verður höndin laus/meinlaus/hvergi betri

Að gagndæmum var ekki sérstaklega leitað, en tvær gerðir þeirra stungu þó í augu. Í fyrsta lagi voru dæmi þar sem eignartáknunin verður tvöföld ef gert er ráð fyrir að þágufallið sé eignareinkunn með nafnorðinu:

- (13) e-m er dofi nn/sár fótur *sinn* (2)

Engin dæmi um tvöfalda eignartáknun fundust í öðrum setningargerðum. Hins vegar fundust tvö röklega samstað dæmi við eignargreininguna á þágufallinu þar sem notuð var annars konar eignartáknun (þ.e. eignarforöfn). Í báðum dæmunum er orðið *hugur*:

- (14) a. hvar hans hugur leikur á um þetta mál (Reyk. 11;1746)
b. þar leikur þó minn hugur á (Egla 69;474)

Síðari gerð dæma sem e.t.v. á að teljast til gagndæma eru setningar með nafnorðum sem tæplega geta talist til þess flokks sem táknar órjúfanlega eign, t.d. orðið *sæmd*. Þó er dæmi (13) óneitanlega líkt dæmi (12)d. og hugsuð „frumlög“ í setningunum væru þá *hönd e-m* og *sæmd e-m*:

- (15) e-m verður lítil [meiri/eigi minn] *sæmd* að e-u
(12) d. e-m verður höndin laus/meinlaus/hvergi betri

E.t.v. er hugsanlegt að teygja nafnorðabökkunina þannig að hún nái yfir orð eins og *sæmd*. Þetta leysir þó ekki vandamálið að öllu leyti þar sem orðið *hagar* sér alveg eins og orð sem

ekki er hugsanlegt að telja til nafnorða um órjúfanlega eign í setningargerðinni sem til umfjöllunar er í 3.3.3.2, þ.e. þágufall með andlagi, en rétt eins og *hönd* í dæmi (15). Það styrkir ekki mismunandi greiningu á þágufalli eftir því með hvaða fbkki nafnorða það stendur ef sum nafnorð virðast geta hoppað á milli fbkka eða m.ö.o. ef setningargerðin er stundum bundin merkingarlegri fbkkun nafnorða og stundum ekki.

Þágufall með andlagi?

Þágufallið í þessari setningargerð er venjulega greint sem óbeint andlag. Ef þágufallið er talið vera eignareinkunn með andlaginu missir sögnin þannig annað andlag sitt. Ekki var leitað sérstaklega að þessari setningargerð frekar en gerðinni sem lýst er í næsta lið hér að ofan og afraksturinn varð reyndar enn minni en þar. Að lokinni skoðun á dæmunum bendir fátt til þess að setningargerðin sé til!

Sömu vankantar eru að vísu á dæmaleitinni hér og við leit að næstu setningargerð hér að ofan. Til þess að safna dæmum þyrfti að skoða sagnir sem taka með sér þáguföll sem venjulega eru greind sem óbein andlög og athuga síðan sérstaklega hver þeirra gat fallið inn í þá greiningu sem hér hefur verið nefnd, þ.e. hvort þágufallsorðin geti verið eignareinkunn með beina andlaginu. Hætt er við að þetta yrði nokkuð seinlegt og e.t.v. ekki sérlega árangursríkt heldur þar sem alltaf má deila um útkomuna. Hin greiningin (þ.e. með óbeinu andlagi) virðist nefnilega ganga upp, a.m.k. gat ég ekki fundið neinn mun á þágufalli með orðum sem vitað er að tákna órjúfanlega eign og öðrum nafnorðum.

Orðið *sæmd* væri t.d. hægt að greina sem þágufall með nafnorði í dæmi (16)a. með því að teygja á merkingarfbkkun nafnorðanna, eins og áður var minnst á. Þó er erfi tt að túlka setningna þannig þar sem er venjulega ekki veitt eða boðið eitthvað sem þeim er eignað fyrirfram! Óhugsandi er með öllu að þágufallið í dæmi (16)b. geti staðið í eignarmerkingu með orðinu *lið*, þar hlýtur *liðið* að vera eignað þeim sem veitir eða býður það:

- (16) a. veita [bjóða, gera] e-m sæmd
b. veita e-m lið

Þess eru heldur engin dæmi að orðið *lið* taki með sér þágufall í eignarmerkingu í forsetningarliðunum, en dæmi um *lið* með eignarfalli eða eignarfor nafni í forsetningarlið eru hins vegar fjölmörg. Orðið fellur því hvorki formlega né merkingarlega í fbkk nafnorða um órjúfanlega eign.

Eina dæmið sem ég fann og í verunni væri hugsanlegt að greina sem þágufall með nafnorði í andlagssæti sagnar er með sögninni *frýja*:

- (17) e-r frýr e-m hugar (6)

Þessi greining er þó ekki sannfærandi merkingarlega og á meðan ekki fi nnast nein sambærileg dæmi við *að þvo hár sér* er staða þessarar setningargerðar vægast sagt vafasöm. Það er ekki sérlega traustvekjandi að „búa til“ setningargerð bara til þess að kerfi ð verði reglulegra þannig að til verði þágufall í eignarmerkingu með öllum nafnorðum, í og utan forsetningarliða. Í dæmi Nygaards *bræðr þínum brjóst raufaðir* er því sennilega varlegast að gera ráð fyrir því að sögnin *raufa* taki með sér tvö andlög.²⁴

²⁴Dæmi úr kveðskap eru alltaf vandmeðfarin og erfi tt að ákveða hvernig fara á með þau.

3.3 Helstu niðurstöður úr könnuninni

Hér fylgja helstu niðurstöður úr þeirri könnun á dæmum sem nú hefur verið lýst. Tekið skal fram að þessar niðurstöður eiga aðeins við könnunina sjálfa og eru ekki ætlaðar til þess að alhæfa út frá þeim. Sumir þeir merkingarfbkkar sem hér eru taldir eru t.d. byggðir á fáum orðum og gegna því hlutverki einu að sýna að orðin sem í þá falla séu túlkuð sem órjúfanleg eign í þeim textum sem orðstöðulykillinn er unninn úr. Þannig er t.d. ekki hægt að segja að öll orð um fatnað og búnað teljist til B-fbkkss enda eru hér aðeins fjögur dæmi í fbkknum. Það eru sérstaklega fbkkar B. og D. sem virðast vera bundnir fáum orðum og ekki eins sterkir í sessi og hinir, ef marka má hlutfallstölur um eignartáknun með þágufalli miðað við aðra táknun eignar, þ.e. með eignarfalli, eignarfornafi eða forsetningarlið.

Niðurstöður þessar eiga aðeins við um „beinhardar staðreyndalýsingar“, sbr. athugasemd í inngangi að ritgerðinni.

1. Þágufall með nafnorði er í fornu máli bundið við merkingarfbkk nafnorða sem táknar órjúfanlega eign og skiptist í 5 undirfbkka:
 - A. Orð um líkamshluta
 - B. Orð um fatnað og annan búnað
 - C. Orð um óhlutstaðar eignir manna
 - D. Orð um órjúfanlega hluta vopna og skipa
 - E. Orð um afstöðu í tíma og rúmi
2. Þágufall með nafnorði virðist aðeins koma fyrir í forsetningarliðum svo að óyggjandi sé.
3. Þágufall með nafnorði er ekki bundið við hreyfi ngu í fornu máli.
4. Eignartáknun með orðum um órjúfanlega eign í forsetningarliðum er yfi rleitt með þágufalli eða í yfi r 90% dæma. Sveiflur eru nokkrar eftir undirfbkkum orða um órjúfanlega eign:
 - A. Orð um líkamshluta: 91% þgf.
 - B. Orð um fatnað og annan búnað: 65% þgf.
 - C. Orð um óhlutstaðar eignir manna:
 - C.1 86% þgf.
 - C.2 72% þgf.
 - D. Orð um órjúfanlega hluta vopna og skipa: 70% þgf.
 - E. Orð um afstöðu í tíma og rúmi: 95% þgf.
5. Talsverð tilbrigði eru í orðaröð í þessari setningargerð. Í 22% af dæmum sem hér eru skoðuð hefur þágufallsorðið flust út úr forsetningarliðnum. Færslan er mun algengari ef þágufallsorðið er persónufornafn eða afturbeygt fornafn, en 86% færðra þágufallsorða eru af þessari gerð.

4 Vangaveltur

Hér á undan hefur verið fjallað um þágufall með nafnorði á tiltölulega almennan hátt og engin tilraun gerð til að fella efnið að neinu tilteknu kenningakerfi. Í þessum kafla fylgja nokkrar sundurlausar athugasemdir sem mér hafa fengið í hug við úrvinnslu gagnanna, en fastmótað kenningakerfi er hér ekki að finna. Þess í stað er tæpt á nokkrum atriðum sem mér sýnast áhugaverð fyrir þá sem aðhyllast GB-fræði, en hér er fremur bent á vandamál til úrlausnar en stungið upp á fullbúnum lausnum. Efninu er raðað eftir setningargerðum, í sömu röð og í 3. kafla, og fyrirsögn hvers undirkafla er dæmi um setningargerðina.

4.1 Með feld yfi r höfði mér

Það er íhugunarefni hvers vegna eignartáknunin í íslensku kemur fram á þrjá mismunandi vegu, ekki síst ef hægt er að sýna fram á breytingar á táknuninni. Nygaard og Iversen leiða að því getum að þágufall sé á einhvern hátt veikara í sessi en önnur föll vegna þess að það gegni í raun hlutverki margra falla og þess vegna hafi forsetningarliðir sums staðar komið í þess stað (sjá tilvitnun í Iversen á bls. 12). Hvers vegna ætti þetta að gerast? Hvað er það t.d. við *dativus sympatheticus* sem býður þessu heim?

Í GB-fræðum er hvergi fjallað um þágufall af þessu tagi svo að ég viti til, en í umfjöllun um sagnir sem taka tvö andlög og eignarfalloseinkunnir (t.d. hjá Richard Kayne (1984), Mark Baker (1988), Anders Holmberg (1986) og Halldóri Ármanni Sigurðssyni (1989) eru settar fram kenningar sem e.t.v. vísa veginn í átt að einfaldri skýringu á gerðunum þremur og breytingum á notkun þeirra.

Kenningarnar sem byggt er á verða ekki raktar hér og grunnatriði í GB-setningafræði ekki heldur. Þar vísast í rit þau sem nefnd eru hér að ofan. Gert er ráð fyrir tvígreindum kvistum (*binary branching*) eins og í umfjöllun Kaynes um sagnir sem taka tvö andlög og fallasíu (*Case Filter*) Chomskys (1981): **NP, where NP has no case*, þ.e. nafnliðir verða að hafa fall.²⁵ Fallstjórn er bundin við liði sem hafa gildið [-N], sjá Halldór Ármann Sigurðsson (1989:21–30) og Holmberg (1986). Af því leiðir að sagnir og forsetningar stýra falli en nafnorð ekki. Samkvæmt þessari kenningu er það verulega misvísandi að tala um að *nafnorð* taki með sér þágufall, vegna þess að í henni er ekki gert ráð fyrir að nafnorð geti stýrt falli.

Það sem eignareinkunnir (bæði í þágufalli og eignarfalli) og óbein andlög sagna eiga sameiginlegt er að í hvorugu tilfellinu er ljóst á yfi rborðinu hvað það er sem getur stjórnað fallinu. Nafnorðið getur ekki stjórnað neinu falli og sögnin á aðeins að stjórna einu falli (beina andlaginu), ef kenningar Kaynes um tvígreiningu standast. Bæði hann og aðrir hafa gripið til þess að gera ráð fyrir forsetningarliðum með „tómum“ forsetningum til þess að skýra fallstjórn í slíkum tilvikum.

Ef þessi leið er farin og gert ráð fyrir tómun forsetningum sem stýra þágufalli og eignarfalli í eignarmerkingu þá er eignartáknun í íslensku alltaf bundin við forsetningarliði. Munurinn er þá eingöngu fólgin í mismunandi forsetningum með hverri gerð, þ.e. *á*, *í* eða [_{fs}e] um órjúfanlega eign og [_{fs}e] um „venjulega“ eign, þ.e. eignarfall.²⁶ Munurinn á tómu for-

²⁵Útgáfa Halldórs Ármanns Sigurðssonar er flóknari og gerir ráð fyrir breytilegri fallasíu (þ.e. *parameterized Case Filter*), m.a. til þess að skýra fallmerkt *pro* í íslensku. Fallasían dugar í sinni einföldustu mynd hér, en sú flóknari að sjálfsögðu líka.

²⁶Um eignarfornöfn gegnir öðru máli, enda er þar sambeyging við nafnorðið.

setningunum tveimur væri þá í þeim fallþáttum sem þær hafa erfð frá nafnorðinu, eins og Baker (1988:123) gerir ráð fyrir. Tómar forsetningar virðist nefnilega yfi rleitt ekki vera taldar stjórna falli af sjálfsdáðum, til þess þarf lexíkalska hausa. Það vandamál er leyst með því að leyfa sögn sem tekur tvö andlög eða nafnorði (eða rót nafnorðs, samkvæmt Baker) að láta fallþátt ganga að erfðum til tómu forsetningarinnar.

Halldór Ármann Sigurðsson lætur fallþátti (*Case features* erfast á svipaðan hátt til tómrar forsetningar, skv. umfjöllun hans um óbein andlög (Halldór Ármann Sigurðsson 1989:346). Hjá honum verða allir lexíkalskir hausar að hafa *fallþátt* (sbr. The Head Principle of Case, Halldór Ármann Sigurðsson 1989:102) og fallakerfi hans er þá þetta:

For a lexical head *a* it holds that:

1. 1. if $a = [+C/G]$, it assigns genitive
2. 2. if $a = [+C/D]$, it assigns dative
3. 3. if $a = [+C]$, it assigns accusative

(Halldór Ármann Sigurðsson 189:103)

Ef sambærileg tákun er notuð um tómu forsetningarnar (eins og Halldór Ármann Sigurðsson (1989:346) gerir sjálfur með óbeinum andlögum) þá verður munurinn á þágufallseinkunn og eignarfallseinkunn þessi (íslenskar skammstafanir notaðar fyrir setningarhluta, en skammstafanir Halldórs fyrir fallþátti):


A. Þágufallseinkunn:

			Fl	
	fs		Nl	
		N		Fl
			fs	Nl
			[+C/D]	
á	bak	(e)		hestinum

B. Eignarfallseinkunn:

			Fl	
	fs		Nl	
		N		Fl
			fs	Nl
			[+C/B]	
á	bak	(e)		hestsins

C. Eignartáknun með forsetningunni *á*:²⁷



Kostirnir í eignartáknun eru því afskaplega einfaldir og breyturnar eru aðeins tvær, þ.e. tóm eða sýnileg forsetning og þágufall eða eignarfall. Aðeins þrjár af fjórum möguleikum eru notaðir og sýnileg forsetning með eignarfalli í eignarmerkingu er ekki til.

Í verkefni Margrétar Guðmundsdóttur í námskeiðinu þar sem þessi ritgerð er skrifuð kom í ljós að breytingar á notkun forsetninga frá forn máli til nútímamáls eru talsverðar. Ef greining sú sem hér er stungið upp á á einhvern rétt á sér þá gætu breytingarnar á táknun eignar frá fornu máli til nútímamáls e.t.v. verið af sömu rót runnar.²⁸ Það er líka hugsanlegt að margræðni í merkingu þágufallsins sjálfs hafi átt einhvern þátt í breytingunni, sbr. athugasemdir Iversens og Nygaards sem vitnað er í hér að framan. Það er e.t.v. erfiðara að túlka tómar forsetningar en sýnilegar.

Ens og fram kemur í 3. kafla eru þágufallseinkunnir ótvírætt merki um órjúfanlega eign, en eignarfallseinkunnir og forsetningar eru notaðar bæði um órjúfanlega eign og eign almenn, þótt það fyrra sé sjaldgæfara. Ein afleiðing af því að forsetningarnar *á* og *í* eru teknar upp í auknum mæli til táknunar órjúfanlegrar eignar er því hugsanleg tvíræðni, þ.e. táknun órjúfanlegrar eignar og annarrar eignar fellur saman í ríkari mæli en fyrr. Afleiðingarnar sjást í eftirfarandi dæmi:

- (18) a. Stúlkan er með blóm í hári sér
b. Stúlkan er með blóm í hári á sér

Í dæmi (18)b. er alls ekki ljóst að stúlkan sé með blómin í sínu eigin hári, hún gæti rétt eins verið að burðast með einhver undarleg blóm í vasanum, vafi n inn í ótiltekið hár. Það þarf því að nota örlítið nákvæmara orðalag þegar skipt er yfi r í forsetningu sem hefur almennari merkingu en forsetning sem eingöngu er notuð um órjúfanlega eign, enda er það gert með því að bæta við ákveðnum greini:

- (19) Stúlkan er með blóm í hárinu á sér

Kosturinn við þessa hugmynd sem hér hefur verið sett fram um breytingu á táknun eignar er sá að breytingin sjálf er í verunni afskaplega lítil og nánast bundin orðasafnsþáttum, þ.e. vali forsetninga. Setningagerð breytist ekki og vensl milli liða þar af leiðandi ekki heldur, hvorki merkingarleg né setningarleg.²⁹

²⁷Forsetningin *í* er fjórði möguleikinn, en hún hagar sér setningarlega á allan hátt eins og *á*. Munurinn á þeim í táknun órjúfanlegrar eignar felst í því að *í* er notuð um líkamshluta sem eru „innvortis“, þ.e. *hjarta, heila, maga* o.þ.h. Sjá Steingrím Þórðarson 1979.

²⁸Val forsetninga virðist að verulegu leyti vera bundið í orðasafni. Besta dæmið um slíkt í íslensku eru e.t.v. forsetningar með staðanöfnum. Það er líka alþekkt að eitt af því sem er erfiðast fyrir útlendinga að læra í ýmsum málum eru forsetningar, t.d. í ensku. Breytingar í vali forsetninga gætu því verið af sama toga og flakk orða milli beygingarfbkka.

²⁹Þetta minnr örlítið á lögmál Bakers (1988:46) um það að sama merkingarhlutverkið eigi aðeins að birtast í einni

4.2 Mér flaug í hug ...

Í þessari ritgerð hefur fram að þessu hiklaust verið talað um færslu þágufallsorðs með nafnorði út úr forsetningarlið án þess að nokkur tilraun hafi verið gerð til að skýra í hverju sú færsla er fólgin og hvaða takmörknum hún er háð. Mér er þó vel ljóst að nokkrir vankantar eru á því að gera ráð fyrir færslunni, a.m.k. ef sömu atriði gilda um hana og *oblique promotion* í setningum eins og *þess er enginn kostur* hjá Halldóri Ármanni Sigurðssyni. Hann nefnir að hugsanlegt sé að greina þessa setningu með því að gera ráð fyrir tómun forsetningarlið sem stýri eignarfallinu:

A way to overcome it [i.e. the problem of Case-marking NPs that are Case-marked themselves] would be to assume that the [...] genitive is assigned by an empty preposition. [...] As is well known, however, objects of overt prepositions are never subject to NP-movement in Icelandic (cf. Maling and Zaenen 1985). Therefore, since the genitive **þess** is promoted in (12a) [i.e. in *þess er enginn kostur*, this analysis is problematic, [...]

(Halldór Ármann Sigurðsson 189:203, nmgr. 4.)

Til þess að greiningin um tómar forsetningar gangi upp þarf því annaðhvort að gera ráð fyrir að tómu forsetningarnar færist með nafnliðunum, þ.e. að forsetningarliðurinn fytjist í heild, eða að þær hagi sér öðru vísi en sýnilegar forsetningar og hægt sé að skilja þær eftir dinglyandi³⁰ eftir að nafnliðurinn hefur verið fluttur. Munurinn á sýnilegum og tómun forsetningum gæti verið sá að tómar forsetningar séu ósýnilegar gagnvart nafnliðafærslu, eins og Halldór Ármann nefni, en hann gerir líka ráð fyrir því að hægt sé að hafna greiningu sem felur í sér tóma nafnliði. Sýnishorn af dænum hans fer hér á eftir, ásamt meðfylgjandi útlistun:

- (20) a. Ólafur sagði [p mér] þessa sögu.
b. *Mér* var sögð [p t] þessi saga.

[...] One way to interpret this, is to say that empty prepositions are invisible at the level of NP-movement, or, alternatively, that they move along with their Case assignees. But clearly, the straightforward interpretation is that they are simply nonexistent, i.e. that the data like ... [(20)] constitute a counterargument against the empty preposition analysis of DOC [i.e. Double Object Construction].

(Halldór Ármann Sigurðsson 1989:348)

Ef dæmi eru athuguð þá kemur í ljós að eignareinkunnir sem táknaðar eru með forsetningarliðum með forsetningunum *á* og *í* er hægt að færa frá nafnorðinu sem þær standa með, en þá verður forsetningin að færast með:

- (21) a. Hárið **á mér** er allt í flækju
b. [_{F1} **Á mér**] er hárið [__] allt í flækju
c. *[_{N1} **Mér**] er hárið [_{F1} á __] allt í flækju

setningargerð í djúpperð:

The Uniformity of Theta Assignment Hypothesis (UTAH):

Identical thematic relationships between items are represented by identical structureal relationships between those items at the level of D-structure.

Þarna er að vísu verið að tala um merkingarhlutverk sagna en það sama virðist gilda um merkingarvenslin í eignar-táknuninni ef kenning mín er rétt.

³⁰Hér er farið heldur óvirðulegum orðum um *preposition stranding*.

- (22) a. Ég þvoði hárið **á mér**
 b. Ég þvoði **á mér** hárið [__]
 c. [_{NI}**Á mér**] þvoði ég hárið [__], (en ég vatnsgreiddi Sveini bara)
 d. *_{NI}**Mér**] þvoði ég hárið [_Fl á __]

Spurningin er þá hvort eignareinkunnir með tónum forsetningum hagi sér eins, en það myndi styðja þá tilgátu að það sé alltaf forsetningarliðurinn í heild sem er færður.

Í nútímamáli eru niðurstöður af skoðun á svipuðum dæmum um þágufallseinkunn ekki eins afdráttarlausar, eins og sést á vafadæmum í b.-lið í (23) og (25). Setningar merktar með staliðunum c. virðast mér vera ótækar.

- (23) a. Ég horfi í augu **þér**
 b. ?Ég horfi **þér** í augu
 c. ***Þér** horfi ég í augu
 (24) a. Ég horfi í augu **manninum**
 b. *Ég horfi **manninum** í augu
 c. ***Manninum** horfi ég í augu
 (25) a. Ég setti gleraugun á nef **mér**
 b. ?Ég setti gleraugun **mér** á nef
 c. ***Mér** setti ég gleraugun á nef

Matið á þessum dæmum virðist ekki fara einvörðungu eftir setningagerð heldur líka eftir gerð þeirra liða sem eru fluttir. Þar að auki er það án efa einstaklingsbundið hvort fólk fellst á að slík dæmi séu tæk eða ekki. Staða þágufallsins í nútímamáli virðist samkvæmt þessu vera eitthvað á reiki.

Ef dæmi úr fornu máli eru skoðuð þá kemur annað í ljós. Þar koma fyrir setningar sem eru sambærilegar bæði við b. og c. liði í dæmum (23)–(25), sjá (25)b. og (26)b. 1–3, o.s.frv.:

- (26) a. þá seldi hann í **hendur Eiríki syni sínum** ríki (Egla 58;448)
 b.1 gerði þrjú hundruð silfurs **Hallfreði til handa** (HallM 4;1200)
 b.2 seldi hún **sonum sínum í hendur** bú sitt (Fljót 6;684)
 b.3 og seldi **frændum sínum** eignir sínar **í hendur** (Grett 86;1085)
 c.1 **Þeim** bar brátt **í hendur** mikil föng og góð (GrænS 6;1105)
 c.2 en **Hæringi bróður sínum** seldi hann **í hendur** sex tigu hundraða þriggja álna aura (Flóam 20;476)

Með svipuðum rökum og notuð hafa verið í þessum kafa til þessa virðist því færsla þágufallseinkunnarinnar í fornu máli hafa verið eins virk og færsla forsetningarliðar með sýnilegri forsetningu í nútímamáli (sjá dæmi (21) og (22)). Rök fyrir því að telja að tóma forsetningin fletjist með þágufallsorðinu eru þá þau að færsla þessara tveggja gerða eignareinkunna sé af nákvæmlega sama tagi.³¹

Samanburður á dæmum (23)–(25) og dæmum (26) bendir til þess að aðrar reglur gildi um færslu þágufallseinkunna í nútímamáli en í forna málinu. Þess ber þó að geta að í nútímamáli fi nnst fjöldi dæma um setningar sem eru af sömu gerð og setningarnar í (26)b. og c. Ég

³¹ Setningarstaða eignarfalls var ekki skoðuð í þessu verkefni og engin dæmi eru handbær um það í sambærilegum liðum í fornu máli. Nothaf dæmi fundust ekki í Nygaard við fyrstu leit. Samanburður eignarfalls við hinar tvær gerðir eignareinkunna verður því ekki gerður að sinni. Þó má nefna að í nútímamáli virðist enn verra að fara eignarfallið en þágufallið:

hallast þó að því að þessar setningar í nútímamáli verði að teljast til fastra orðasambanda, þ.e. að samböndin séu í heild hluti orðasafnsins og sýni þess vegna ýmis setningarleg einkenni eldra málstigs. Athugun á orðunum *fótur*, *hugur* og *hönd* í orðstöðulyklum að *Hreiðrinu*, *Vestangúlpi Garró* og *Ef liðsinnt ég gæti* bendir til þess að orðaröð í orðasamböndum af þessu tagi gæti verið fastari í nútímamáli en í fornu máli og þau taka öllum breytingum illa, eins og venja er um föst orðasambönd. Það er t.d. erfi tt eða ómögulegt að skipta um einstök orð í orðasamböndum eins og þeim sem hér fara á eftir:

- (27) a. segja e-m stríð á hendur
- b. *segja e-m ófrið á hendur
- (28) a. lýsa ábyrgð á hendur e-m
- b. *lýsa ábyrgðarluta á hendur e-m

Í Viðauka C. er listi um orðasambönd með *fótur*, *hugur* og *hönd* og þágufalli í nútímamálsorðalyklunum þremur. Orðasamböndin eru fremur fá og varlegast er að fullyrða ekki neitt út frá þeim og engin ítarleg könnun hefur verið gerð á þessu í nútímamáli.

Það er athyglisvert að í flestum orðasamböndum nútímamálsorðstöðulyklunum í Viðauka C. hefur þágufallsorðið verið flutt út úr forsetningarliðnum og í mörgum dænum í nútímamáli virðist eðlilegast að túlka þetta þágufallsorð sem aukafallsfrumlag, a.m.k. í yfirborðsgerð.³² Eins og dæmi (29) sýna er útilokað að láta þágufallsorðið standa fyrir aftan nafnorðið í forsetningarliðnum, a.m.k. í sumum samböndum. Þetta gæti vísað á tvennt: Annað hvort er orðasambandið algerlega frosið, þ.e. fullkomlega lexíkalísierað og það lærist þá sem ein heild, eða þágufallið hefur verið endurtúlkað sem frumlag:

- (29) a. Honum ferst verkið illa úr hendi
- b. Honum fellur aldrei verk úr hendi
- c. Honum fýgur eitthvað í hug
- d. Honum er hlátur í hug
- (30) a. *Verkið ferst illa úr hendi honum
- b. *Verk fellur aldrei úr hendi honum
- c. *Eitthvað fýgur í hug honum
- d. *Hlátur er í hug honum

Endurtúlkunin gæti stafað af því að færsla þágufallseinkunnarinnar hafi ekki lengur verið gagnsæ eða skiljanleg, m.ö.o. ekki lengur virk í málinu, eins og e.t.v. má ráða af dænum (23)–(25). Kenningar Lightfoots (1979) um gagnsæi (*transparency*) og torræðni (*opacity*) vísa e.t.v. í rétta átt við skýringu á þessu:

How much opacity can a language take before being driven to re-analyse its initial structures to bring them closer to their surface structures and eliminate the exceptionality? [...] How much ‘work’ can the transformational component

-
- a. Ég leit yfi r upphaf **bókarinnar**
 - b. *Ég leit **bókarinnar** yfi r upphaf []
 - c. ***Bókarinnar** leit ég yfi r upphaf []
 - d. Ég setti glasið á brún **borðsins**
 - e. *Ég setti glasið **borðsins** á brún []
 - f. ***Borðsins** setti ég glasið á brún []

Hins vegar er hægt að færa eignarfallið fram fyrir nafnliðinn í forsetningarliðnum: *Ég setti glasið á borðsins brún*. Þetta dæmi er að vísu svolítið tilgerðarlegt, sem gæti bent til þess að það væri stílbundið. Fjöldi sambærilegra dæma er í Nygaard úr fornu máli.

³²Ef aukafallsfrumlag í yfirborðsgerð er í verunni andlag í djúperð eins og Helgi Bernóðsson (1982) og Halldór Ármann Sigurðsson (1989) gera ráð fyrir þá er e.t.v. réttast að halda áfram að greina þágufallið í frumlagssæti hér sem þágufall með nafnorði.

perform? To put it differently: how smart are language learners? What is the limit to the abstractions that they postulate? (Lightfoot 1979:129)

Breyting á lögmálum þeim sem gilda um færslu forsetningarliða með tómri forsetningu eða eitthvað annað það atriði sem getur haft þau áhrif að þessir liðir hagi sér ekki lengur eins og forsetningarliðir með sýnilegri forsetningu nægir e.t.v. sem ástaða til einhvers konar endurtúlkunar á borð við þau fyrirbæri sem Lightfoot hefur í huga.

4.3 Mér vex kjarkur, mér fallast hendur

Hér að framan hefur það verið talið miklum vafa undirorpið að þágufallseinkunn með nafnorði utan forsetningarliðar væri til. Þó er e.t.v. hugsanlegt að túlka setningar eins og þar sem eru í fyrirsögn þessa undirkafa og þess næsta á eftir á þennan hátt, en sennilega er það ekki sérstaklega æskilegt þar sem færsla þágufallsorðsins út úr nafnliðnum hlýtur að vera verulegum vandkvæðum bundin.³³ Það eina sem réttlætir að yfi rleitt sé minnst á þennan möguleika eru líkindin við þágufallseinkunnina í forsetningarlið. Þar telst þágufallið röklega til sama liðar og nafnorðið sem það stendur með.³⁴ Með greiningu á þágufallinu sem einkunn með nafnorðinu utan forsetningarliðar verður það hins vegar hluti af röklið sagnarinnar (þ.e. frumlagi), rétt eins og eignarfornafn eða eign sem táknuð er með forsetningarlið eða eignarfalli. Ef dæmi um þessar mismunandi gerðir eru skoðuð kemur í ljós að sá munur er á forsetningarliðnum annars vegar og eignarfalli eða eignarfornafni hins vegar að færsla forsetningarliðar er frjálssari en færsla eignarfalls eða eignarfornafns. (Sjá c.-liði í (30)–(32).) Hugsanlegt þágufall með frumlagi hagar sér hins vegar allt öðruvísin en hinar gerðirnar, eins og sést á samanburði á (33)–(34) og dæmunum þar á undan:

- (30) Eignarfornafn:
 - a. Óðum lengist **ritgerðin mín**
 - b. **Ritgerðin mín** lengist óðum
 - c. ***Mín** lengist **ritgerðin** óðum
- (31) Eignarfall:
 - a. Óðum lengist **ritgerðin hennar**
 - b. **Ritgerðin hennar** lengist óðum
 - c. ***Hennar** lengist **ritgerðin** óðum
- (32) Forsetningarliður:
 - a. Mikið vex *hárið á stráknum*
 - b. **Hárið á stráknum** vex mikið
 - c. **Á stráknum** vex **hárið** mikið
- (33) ?Þágufallseinkunn:
 - a. *Mikið vex **hárið mér**
 - b. ***Hárið mér** vex mikið
 - c. ?**Mér** vex **hárið** mikið
- (34)
 - a. *Mikið vex **kjarkur mér**
 - b. ***Kjarkur mér** vex mikið
 - c. Mikið vex **mér kjarkur**

³³Hér verður ekki farið út í útlistanir á því sem þyrfti til að hagt væri að flytja einkunnina út úr nafnliðnum. Slíkar hundakúnstir gegna engu hlutverki ef setningagerðinni er hafnað.

³⁴Það er freistandi að kalla þetta bara *röklið*, en rökliður sagnar er þetta þó taplega í forsetningarlið, t.d. með sögninni *fara* í dæmi eins og *fara á bak hestinum*.

Dæmi þessi læt ég nægja til að sýna hvers vegna greiningunni á þágufalli með nafnorði utan forsetningarliðar er hafnað. Ég tel því rétt að greina þágufallsorðið í þessum dænum sem sjálfstæðan röklið sagnar eins og gert hefur verið hingað til.³⁵

4.4 *Ég þvæ hendur mér

Eins og greint er frá í 3.3.3.2 hafa engin dæmi fundist um setningargerðina sem fram kemur í fyrir sögninni hér að ofan. Röklega gæti hún verið sambærileg við setningargerðina sem hafnað er í 4.3, þ.e. þágufallið gæti verið hluti af sama röklið sagnarinnar og nafnorðið sem það stendur með (sjá 35). Önnur leið væri að greina þágufallið sem sérstakan röklið sagnarinnar (36). Þetta má sýna á hríslum á eftirfarandi hátt:

(35) a. Þágufallseinkunn:³⁶

	S1		
s		N1	
	N1		F1
		fs	N1
		[+C/D]	
þvæ hendur (e)			mér

(35) a. Þágufallsandlag:

		S1		
s		N1	fs	N1
			[+C/D]	
þvæ	hendur	(e)		mér

Þar sem engin dæmi hafa fundist um þessa setningargerð er ástæðulaust að velta henni fyrir sér frekar. Ef dæmi á borð við *ég þvæ hendur mér* fi nnast má endurskoða þá afstöðu.

Þá er lokið umfjöllun um hugarflug þetta.
Nú fýgur mér ekki fleira í hug.

³⁵Hér verður ekki farið út í vangaveltur um setningarstöðu þessa rökliðar. Greining Helga Bernóðssonar (1982) á frumlagi í yfi rborðsgerð sem andlagi í djúppgerð hefur þá kosti að hana má áreiðanlega tengja við hugsanleg aukafallsfrumlög sem upprunnin eru í forsetningarliðum, þ.e. setningargerðina sem ratt er um í 4.2.

³⁶Ath. a./A. hér og í hinum hríslunum!

5 Lokaorð

Í þessari ritgerð hefur talsvert verið farið út fyrir þann ramma sem settur var í upphaflegu verkefni í námmsskeiðinu 05.41.08. Má í raun segja að upphaflegt verkefni sé enn óleyst og kaflinn í fyrirhugað yfi rllitsrit um setningafræði fornmáls sé enn óskrifaður. Ég vona þó að hér megi finna ýmislegt efni sem nýta má í yfi rllitsritið, en ef marka má þá umfjöllun sem *dativus sympatheticus* hefur fengið til þessa átti að vera hæfi lagt að hafa svo sem eins og tvær síður um þetta efni í ritinu! Það gæti því verið nóg að bæta örlitlum útskýringum og nokkrum dænum inn í yfi rllitið á síðu 48, ef menn verða ásáttir um að þær niðurstöður sem þar birtast séu réttar.

Það er ljóst að margir lausir endar eru skildir eftir nú að leiðarlokum og þessi úttekt á þágufalli með nafnorði er á engan hátt tæmandi. Í fyrsta lagi vantar úttekt á þágufalli með nafnorði í nútímamáli. Í öðru lagi er sú rannsókn á þágufalli með nafnorði í fornu máli sem hér hefur verið lýst ýmsum annmörkum háð. Dæmi hefðu mátt vera fleiri og gott hefði verið að skoða betur ýmis merkingarleg einkenni forsetningarliðanna sem þágufallið stendur í. Hér er því haldið fram að sú breyting hafi orðið á þessu atriði frá fornu máli til nútímamáls að í fornu máli sé þágufallið ekki bundið við forsetningarliði sem tákna hreyfi ngu, eins og yfi rleitt virðist vera í nútímamáli. Til þess að ganga endanlega úr skugga um þetta og jafnframt til þess að athuga hvort notkun þágufalls með nafnorði í forsetningarliði hafi verið merkingarlega skilyrt á einhvern annan hátt þyrfti að athuga merkingu setninganna sem þágufall með nafnorði kemur fyrir í. Hætt er við að slíkt verk gæti reynst tafsamnt. Til frekari samburðar þyrfti líka að vera tiltækt meira efni um aðrar gerðir eignartáknunar, þ.e. eignarfall, eignarforafn og eignartáknun með forsetningum.

Ýmis atriði sem nefnd er í 4. kafla gefa líka tilefni til frekari umfjöllunar. Það þyrfti t.d. að skoða nánar þá hugmynd að þágufall með nafnorði geti verið e.k. uppspretta aukafallsfrumлага. Hér hefur ekki gefi st tómt til að athuga þetta atriði að neinu marki og reyndar má segja að 4. kafl sé fullur af alls konar hugmyndum sem eru ófullburða, enda eru þær settar fram til fihugunar og ekki ætlað að innihalda neinn endanlegan sannleika.

Helstu niðurstöður í ritgerðinni eru þessar: Táknun órjúfanlegrar eignar er bundin þeim fðkki orða sem lýst er hjá Nygaard, Jakobi Jóh. Smára og Steingrími Þórðarsyni, en þó virðist ástæða til að gera ráð fyrir nokkru meiri fjölbreytni í orðum sem geta tekið með sér þágufall af þessu tagi en þar er gert. Forsenda fyrir notkun þágufallsins virðist einfaldlega vera sú eignin sé órjúfandi hluti eigandans á einhvern hátt og það getur þá jafnvel verið einstaklingsbundið túlkunaratriði hvort svo sé. Með orðum um líkamshluta birtist dæmigerðasta notkun þágufallsins, enn sem fyrr. Sú breyting hefur orðið frá fornu máli til nútímamáls að þágufall með nafnorði var *ekki* bundið við liði sem fólu í sér hreyfi ngu í fornu máli eins og haft er fyrir satt í nútímamáli. Einnig benda dæmi til þess að túlkun á þágufallinu hafi á einhvern hátt orðið erfi ðari á einhverju skeiði og stungið er upp á því að sú breyting sé fólgin í því að færsla á forsetnarlið með tómrri forsetningu hafi ekki lengur verið virk í málinu. Ef þessi skýring er rétt þá er óhætt að túlka tölur Steingríms Þórðarsonar um aukna notkun eignartáknunar með sýnilegri forsetningu, þ.e. *á* og *í*, af mun minni hógværd en hann gerir og halda því blákalt fram að hér sé um raunverulega málbreytingu að ræða.

Og segi ég þá skilið við *dativus sympatheticus* að sinni.

Hafnarfi rði, 11. febrúar 1990
KB

Heimildaskrá

- Baker, Mark. 1988. *Incorporation. A Theory of Grammatical Function Changing*. The University of Chicago Press, Chicago.
- Baldur Jónsson. 1975. *Orðstöðulykill að Hreiðrinu*. Rannsóknastofnun í norrænum málvísindum. Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Björn Guðfi nsson. 1958. *Íslenzk málfræði handa grunnskólum og framhaldsskólum*. 5. útg., Eiríkur Hreinn Finnbogason annaðist útgáfuna. Námsgagnastofnun, Reykjavík.
- Brennu-Njáls saga*. 1954. Einar Ól. Sveinsson gaf út. Íslenzk fornrit 12. Reykjavík.
- Bybee, Joan L., & Östen Dahl. Án ártals. *The Creation of Tense and Aspect Systems in the Languages of the World*. Handrit.
- Chomsky, Noam. 1981. *Lectures on Government and Binding*. Foris, Dordrecht.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1982. *Um orðaröð og færslur í íslensku*. Kandiðatsritgerð í íslenskri málfræði, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Erlendur Jónsson. Án ártals. Handrit að kennslubók í rökfræði, dreift í námskeiði í rökfræði, Háskóla Íslands, haust 1989.
- Friðrik Magnússon. 1984. Um innri gerð nafnliða í íslensku. *Íslenskt mál* 6:81–111.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 1983. *Um frásagnarumröðun og grundvallarorðaröð í forníslensku*. Ritgerð til kandiðatsprófs í íslenskri málfræði, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 1985. *Diachronic Icelandic Syntax: Some Practical and Theoretical Problems*. Óprentað handrit.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 1989. *Verbal Syntax and Case in Icelandic in a Comparative GB Approach*. Doctoral dissertation, Department of Scandinavian Languages, University of Lund, Lund.
- Hansen, Eskil, Else Mundal & Kåre Skadberg. 1975. *Norrøn Grammatikk*. Universitetsforlaget, Oslo.
- Heimskringla I*. 1941. Bjarni Aðalbjarnarson gaf út. Íslenzk fornrit 26. Reykjavík.
- Helgi Bernódusson. 1982. *Ópersónulegar setningar í íslensku*. Kandiðatsritgerð í íslenskri málfræði, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Holmberg, Anders. 1986. *Word Order and Syntactic Features in the Scandinavian Languages and English*. Doctoral dissertation, Department of Linguistics, University of Stockholm, Stockholm.
- Höskuldur Þráinsson. 1979. *On Complementation in Icelandic*. Garland Publishing, New York.
- Höskuldur Þráinsson. 1986. *Setningafræði*. Kennslukver handa nemendum á háskólastigi og öðrum þeim sem yndi hafa af setningafræði. Fyrri hluti. 4. útg. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Iversen, Ragnvald. 1973. *Norrøn grammatikk*. 7. utgave revidert ved E.F. Halvorsen. Aschehoug, Oslo.
- Íslendinga sögur*. 1985. (Ritstj. Bragi Halldórsson, Jón Torfason, Sverrir Tómasson og Örnólfur Thorsson.) Svart á hvítu. Reykjavík.
- Jakob Jóh. Smári. 1920. *Íslenzk setningafræði*. Bókaverzlun Ársæls Árnasonar. Reykjavík.
- Kayne, R. 1984. *Connectedness and Binary Branching*. Foris, Dordrecht.
- Lightfoot, David W. 1979. *Principles of Diachronic Syntax*. Cambridge University Press, Cambridge.

- Margrét Guðmundsdóttir. (Væntanl.) Lokaverkefni um forsetningar í fornu máli. Unnið í námskeiðinu 05.41.08, Söguleg setningafræði. Háskóli Íslands, haustmisseri 1989.
- Nygaard, Marius. 1905. *Norrøn syntax*. H. Aschehoug & Co. (W. Nygaard), Oslo. [Ljóspr. 1966.]
- Orðstöðulykill að Ef liðsinnt ég gæti*. 1984. Íslensk málstöð, Háskóla Íslands. Reykjavík.
- Orðstöðulykill að Vestangúlpi Garró*. 1985. Íslensk málstöð, Háskóla Íslands. Reykjavík.
- Orðstöðulykill Íslendingasagna*. Ritstj. Eiríkur Rögnvaldsson, handrit.
- Reykjahólabók, Íslandske helgenlegneder 1–2*. 1969–1970. Útg. Egnete Loth. Editiones Arnamagnæanæ, Series A, Vol. 15–16. København.
- Seðlasafn Orðabókar Háskólans*. Háskóli Íslands.
- Steingrímur Þórðarson. 1979. *Um órjúfanlega eign*. „Með tappa í heilanum á mér“, og skyldar formgerðir í íslensku. Óprentuð B.A.-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Vestfi rðinga sögur. 1943. Björn K. Þórólfsson og Guðni Jónsson gáfu út. Íslenzk fornrit 6. Reykjavík.
- Þorsteinn G. Indriðason. 1990. *Ákveðni*. Óprentuð ritgerð, Háskóla Íslands.

Viðauki B.³⁷ Orðasambönd í Orðstöðulykli Íslendingasagna með orðinu *hönd* og þágufalli

Eftirfarandi orðasambönd eru unnin upp úr dænum um orðið *hönd* í orðstöðulyklinum og sett upp eins og oft er gert í hausum í orðabókartextum. Yfi rleitt eru notaðar skammstafanir fyrir nafnliði, þ.e. *e-r*, *e-m* o.s.frv. Sá er þó munur hér og í orðabókum að orðaröð er ekki breytt og þar af leiðandi ekki tekin afstaða til setningargreiningar, enda er oft álitamál hvernig sú greining ætti að vera. Fjölbreytileiki í orðaröð er mikill og listinn er ætlaður til að sýna það. Það er rétt að nefna að í listanum fi nnast dæmi um allar setningargerðir sem nefndar eru í ritgerðinni sem á annað borð fundust. Orðasamböndin eru fðkkuð eftir sögnum og síðan eftir forsetningum. Nokkur dæmi um þágufall sem upprunnið er utan forsetningarliðar eru aftast í listanum.

bera	+ <i>að</i>	e-m ber e-ð að hendi e-ð ber e-m að hendi	
	+ <i>á</i>	e-r ber e-ð á hendur e-m (sakir) e-r ber (e-ð) fram á hendur e-m	
	+ <i>í</i>	e-m ber e-ð í hendur e-ð e-m ber e-r e-ð í hendur e-ð ber í hendur e-m	
	+ <i>til</i>	e-ð ber e-m til handa	
	+ <i>undir</i>	e-r ber (e-ð) undir hendi sér	
biðja (konu)	+ <i>til</i>	e-r biður e-ar e-m/sér til handa e-r biður e-ar til handa e-m/sér e-r biður e-m til handa e-ar e-r biður til handa e-m e-ar e-ar biður e-r e-m til handa e-ar er beðið til handa e-m e-ar hefur e-r beðið til handa e-m	
	+ <i>til</i>	e-r biður griða e-ar til handa e-m	
	+ <i>á</i>	e-r bindst e-m á hendur	
	+ <i>undir</i>	e-r bregður e-u undir hönd sér	
	búa	+ <i>á</i>	e-r býr e-ð á hendur/hönd e-m e-r býr e-m á hendur e-ð e-ð er e-m á hendur búið e-ð er búið ... á hendur e-m e-ð er búið e-m á hendur
		+ <i>í</i>	þóttumst allvel í hendur þér búa
		+ <i>til</i>	e-r býr e-ð til handa e-m
+ <i>til + á</i>		e-r býr mál til á hendur e-m	

³⁷Viðauka A er sleppt. Í honum voru handlitaðar merkingar úr orðstöðulykli.

draga	+ <i>af</i> + <i>á</i>	e-r dregur e-ð af hendi sér e-r dregur á hönd e-m e-ð e-r dregur e-ð á hönd sér
	+ <i>saman</i> + <i>milli</i> + <i>úr</i>	e-r dregur ... saman milli handa sér e-r dregur e-ð úr hendi e-m
drepa	+ <i>í</i>	e-r er drepinn í höndum e-m
dæma	+ <i>til</i>	e-r dæmir e-m til handa e-ð e-r dæmir e-ð til handa sér
dæmast	+ <i>á</i>	e-ð dæmist á hendur e-m
eggja	+ <i>á</i>	e-r eggjar e-n á hendur e-m
eiga (ferð)	+ <i>á</i>	e-r á ferð á höndum sér
elna	+ <i>á</i>	sótt elnar á hendur e-m
falla	+ <i>í</i> + <i>úr</i>	þótti e-m í hönd falla að + nh. e-ð fellur úr hendi e-m
falla niður	+ <i>í</i>	e-r fellur niður í höndum e-m
fara	+ <i>á</i>	e-r fer á hendur e-m e-r fer með e-u/e-ð á hendur e-m (mál) e-r fer e-u á hendur e-m (málum)
	+ <i>í</i>	e-r fer í hendur e-m
fá	+ <i>á</i> + <i>í</i>	e-r fær e-ð á hönd e-m (sök) e-r fær e-ð í hendur/hönd e-m e-r fær e-ð/e-n e-m í hendur e-r fær e-m e-n/e-ð í hendur/hönd e-r fær e-m í hendur/hönd e-ð/e-n e-r fær í hendur/hönd e-m e-ð e-r fær sér e-ð í hönd
fela	+ <i>á</i>	e-r felur e-ð e-m á hendi (f. önd sína guði á h.) e-r felur sig e-m á hendi e-r felur e-m e-ð á hendi e-r felur e-m á höndum e-ð e-m felur e-r á hendi að gera e-ð
felast	+ <i>á</i>	e-r felst á hendi e-m
festa	+ <i>til</i> + <i>við</i>	e-r festir e-a sér til handa e-r festir (e-ð) við hönd sér
fljúga	+ <i>undir</i>	e-r flýgur undir hönd e-m
færa	+ <i>af</i> + <i>á</i>	e-r færir sér e-ð af hendi e-r færir e-ð á hendur e-m
ganga	+ <i>af</i> + <i>á</i>	e-r gengur af hendi/höndum e-m e-r gengur e-m á hendur e-r gengur á hönd e-m e-r gengur fram á aðra hönd e-m
	+ <i>í</i> + <i>til</i> + <i>upp</i>	e-r gengur í hendur e-m e-r gengur til handa e-m e-r gengur á lagið upp að höndum e-m

gera	+ <i>á</i>	e-r gerir e-ð e-m á hendur e-r gerir e-ð á hendur/hönd e-m/sér e-r gerir á hönd e-m e-ð
	+ <i>í</i>	e-r gerir snækökk harðan í hendi sér
	+ <i>með</i>	e-r gerir (e-ð) með höndum sér
	+ <i>til</i>	e-r gerir e-ð/e-n e-m/sér til handa e-r gerir oss til handa bandamönnum e-ð e-r gerir heiman konuna til handa sér e-r gerir sér til handa e-ð e-r gerir til handa e-m/sér e-ð
geyma	+ <i>til</i>	e-r geymir e-ð e-m til handa
greiða	+ <i>í</i>	e-r greiðir (e-ð) e-m í hendur
grípa	+ <i>undir</i>	e-r grípur aftan undir hendur e-m
hafa	+ <i>á</i>	e-r hefur e-ð á hendi sér e-r hefur e-ð á hendur e-m e-r hefur á höndum sér e-ð e-r hefur eigi satt á höndum sér um e-ð e-ð hefur e-r á hendi sér
	+ <i>fram</i> + <i>á</i>	e-r hefur fram e-ð á hendur e-m
	+ <i>frammi á</i>	e-r hefur e-ð frammi á hönd e-m
	+ <i>í</i>	e-r hefur e-ð í hendi sér e-r hefur í hendi sér e-ð e-ð hefur e-r í hendi sér
	+ <i>undir</i>	e-r hefur e-ð undir hendi sér
	+ <i>við</i>	e-r hefur við hönd sér e-ð
halda	+ <i>til</i>	e-r heldur e-u til handa e-m (fé)
hefja	+ <i>á</i>	e-r hefur sök/mál á hendur e-m e-r hefur sök á höndum e-m
	+ <i>fram á</i>	e-r hefur mál fram á hendur e-m
heimila	+ <i>á</i>	e-r heimilar ragmæði á hendur e-m
heimta	+ <i>til</i>	e-r heimtir e-ð e-m til handa
hlaupa	+ <i>í</i>	e-r hleypur í hendur e-m
	+ <i>undir</i>	e-r hleypur undir hendur e-m
hrjóta	+ <i>á</i>	e-ð hrýtur á hönd e-m
	+ <i>úr</i>	e-ð hrýtur úr hendi e-m
höfða	+ <i>á</i>	e-r höfðar (e-ð) á hendur/hönd e-m
höggva	+ <i>á*</i>	e-r heggur á hönd(ina) e-m
	+ <i>milli</i>	e-r heggur í sundur e-ð milli handa e-m
kalla	+ <i>í</i>	e-r kallar til e-s í hendur e-m
kaupa	+ <i>til</i>	e-r kaupir e-ð til handa e-m e-r kaupir til handa e-m e-ð
kippa	+ <i>úr</i>	e-r kippir e-m/e-u úr höndum e-m
kjósa	+ <i>til</i>	e-r kýs e-m e-ð til handa e-r kýs e-ð til handa e-m (báðum okkur) e-ð kýs e-r e-m/sér til handa

koma	+ <i>að</i>	e-ð kemur að hendi e-m (vandamál) e-ð kemur e-m að hendi
	+ <i>á</i>	e-ð kemur á hendi/hönd(ina)/hendur e-m e-r kemur e-m á hendur e-m
	+ <i>í</i>	e-ð kemur í hendur/hönd e-m e-ð lætur koma í hendur e-m e-ð e-u er komið í hendur e-m e-u mun e-r e-m í hendur koma e-r kemur e-m í hendur
	+ <i>til</i>	e-r lætur koma ógervilegan e-m til handa e-ð sem e-m er til handa komið
	+ <i>undir</i>	e-ð kemur undir hönd e-m
komast	+ <i>úr</i>	e-r kemst úr höndum e-m
láta	+ <i>af</i>	e-r lætur e-n sér af höndum
leggjast	+ <i>yfir</i>	e-ð leggst yfi r hendur e-m
leysa	+ <i>af</i>	e-r leysir e-ð sér af höndum
ljósta	+ <i>á</i>	e-r lýstur á hönd e-m með e-u
ljúka	+ <i>á</i>	e-r lýkur upp e-u á hendur e-m (gerð)
	+ <i>til</i>	e-r lýkur e-ð e-m til handa (fé)
lýsa	+ <i>á</i>	e-r lýsir e-u á hendur/hönd e-m/sér e-r lýsir e-u sér á hendur/hönd var e-m á hendur lýst e-u e-r lýsir til fjár á hendur e-m
ná	+ <i>af</i>	e-r nær e-u af hendi e-m
	+ <i>til</i>	e-r nær e-u til handa e-m e-r nær til handa e-m konunni
reka	+ <i>af</i>	e-r rekur af höndum e-m e-ð e-r rekur e-ð af höndum sér er e- hafði rekið af höndum e-m
renna I	+ <i>af</i>	e-ð rennur af hendi e-m
	+ <i>undir</i>	e-r rennur undir hendur e-m
renna II	+ <i>af</i>	e-r rennir e-u af hendi sér
sauma	+ <i>að</i>	e-r saumar að höndum e-m
segja	+ <i>á</i>	e-r segir fram sök á hendur e-m e-r segir (e-ð) á hendur e-m
seilast	+ <i>í</i>	e-r seilist í hendur e-m
selja	+ <i>á</i>	e-r selur e-m e-ð á hendur e-r selur e-ð á hendur e-m
	+ <i>í</i>	e-r selur e-m e-ð í hendur/hönd e-r selur e-m í hendur e-ð/e-n e-r selur í hendur e-m e-ð e-r selur í hendur e-ð e-m e-m selur e-r í hendur e-ð e-r selur e-n undir öxi í hendur e-m
	+ <i>fram í</i>	e-r selur e-n fram e-m í hendur e-r selur fram e-n e-m í hendur
	+ <i>úr</i>	e-r selur e-ð úr hendi sér

senda	+ <i>til</i>	e-r hefur e-n e-m til handa sent
setjast	+ <i>á</i>	e-ir setjast niður á tvær hendur e-m
sitja	+ <i>á</i>	e-ir situr . . . á sína hönd e-m hvor
	+ <i>til</i>	e-r situr tal annarrar handar e-m
sjá	+ <i>til</i>	e-r sér til beggja handa sér
		e-r sér e-m til handa e-ð
skera	+ <i>af</i>	e-r sker af höndum sér e-ð
skjóta	+ <i>undir</i>	e-r skýtur e-u undir hönd e-m
slá	+ <i>úr</i>	e-r mun e-ð hafa slegið úr hendi sér
slíta	+ <i>úr</i>	e-ð slíst úr höndum e-m ? E.t.v. ef.
smeygja	+ <i>á</i>	e-r smeygir (e-u) á hönd sér
smjúga	+ <i>úr</i>	e-r smýgur úr höndum e-m
snúa	+ <i>á</i>	e-r snýr e-u á hendur/hönd e-m
spenna	+ <i>á</i>	e-r spennir e-ð á hvora hönd e-m
spretta	+ <i>til</i>	e-r sprettur til annarrar handar e-m
standa	+ <i>á</i>	e-r stendur á aðra hönd e-m
strjúka	+ <i>úr</i>	e-ð strýkur úr höndum e-m
sækja	+ <i>á</i>	e-ð sækir á hendur e-m (elli)
		e-r sækir e-ð á hendur/hönd e-m
	+ <i>í</i>	e-r sækir í hendur e-m
	+ <i>til</i>	e-r sækir e-ð til handa e-m
		sæk þú þér til handa
taka	+ <i>af</i>	e-r tekur e-ð af hendi sér
		e-r tekur af hendi sér e-ð
		e-r er tekinn til e-s af hendi e-m
		e-r tekur mál af e-m á hendur e-m
		e-r tekur sök á hönd e-m
	+ <i>fyrir</i>	e-r tekur e-ð fyrir hendur e-m
	+ <i>fyrir + framan</i>	e-r tekur e-ð fyrir framan hendur e-m
	+ <i>fyrir + fram</i>	e-r tekur e-ð fyrir hendur e-m fram
	+ <i>í</i>	e-r tekur e-ð í hendi/hönd sér
		e-r tekur í hönd sér e-ð
		e-r tekur í hönd e-m
	+ <i>til</i>	e-r tekur e-ð til handa e-m
		e-r tekur ... sér til handa
	+ <i>undir</i>	e-ð tekur e-m undur hendur (bls. 599)
		e-r tekur e-ð undir hönd sér
	+ <i>upp + í</i>	e-r tekur upp e-ð í hendi/hönd sér
	+ <i>upp + til</i>	e-r tekur e-ð upp til handa e-m
	+ <i>úr</i>	e-r tekur e-ð úr hendi e-m
	+ <i>við</i>	e-r tekur við máli á hendur e-m

takast	+ <i>til</i>	? tekist ógiftusamlega e-m til handar
telja	+ <i>á</i>	e-r telur á hendur/hönd e-m
togast	+ <i>úr</i>	e-r togast úr höndum e-m
varðveita	+ <i>til</i>	e-r varðveitir (e-ð) til handa e-m
vefja	+ <i>um</i>	e-r vefur e-u um hönd sér
velja	+ <i>til</i>	e-r velur e-ð sér til handa
vera	+ <i>af</i>	e-r er af hendi e-m
	+ <i>á</i>	e-ð er e-m á hendi (vandkvæði)
		e-m er e-ð á höndum
		hvað er e-m á höndum?
		e-ð er á hendi e-m (sakir, blóð)
		e-r er á hendi e-m
		Er e-m e-ð á báðar hendur (vandi)
		e-ð er á aðra hönd e-m
	+ <i>innan</i>	(e-ð) er e-m innan handar
		e-m er e-r innan handar
	+ <i>í</i>	e-m er betri e-r í hendi (kráka)
	+ <i>um</i>	e-m er hægst um hönd
verða	+ <i>í</i>	e-m verður e-ð vel í höndum
vilja	+ <i>til</i>	e-r vill (konu) til handa sér
vita	+ <i>á</i>	e-r veit e-ð sér á hendur
víkja	+ <i>af</i>	e-r víkur e-m af höndum
þeysast	+ <i>á</i>	e-r þeysist á hendur e-m
þreifa	+ <i>í</i>	e-r þreifar í hönd e-m
þrifa	+ <i>í</i>	e-r þrífur í hendur/hönd e-m
		e-r þrífur e-ð í hönd sér
	+ <i>til</i>	e-r þrífur til handarinnar e-m
	+ <i>úr</i>	e-r þrífur e-ð úr hendi e-m
þykja	+ <i>að</i>	e-m þykir mikill vandi að höndum
	+ <i>á</i>	e-m þykir vandi á höndum
æsa	+ <i>á</i>	e-r æsir e-n á hendur e-m
ætla	+ <i>á</i>	ætla stefnuför á hendur e-m
	+ <i>til</i>	e-r ætlar e-n sér til handa
		?ætla fyrir sér að leysa Bolla vel af hendi

Orðasambönd án forsetningar

fallast	e-m fallast hendur
vera	e-m eru mislagðar hendur
	e-m er höndin ónýtt
verða	e-m verður höndin laus/meinlaus
	höndin varð honum hvergi betri

Viðauki C. Dæmi og orðasambönd með hugsanlegu þágufalli með frumlagi (Sjá 3.3.3.1 og 4.3)

Hér fylgja á eftir nokkur dæmi um formgerðir sem til umræðu eru í 3.3.3.1 og 4.3. Dæmin eru unnin upp úr orðstöðulyklinum og uppsetning er með svipuðum hætti og í Viðauka B. Tölur í sviga eru um dæmafjölda.

1. Orðasambönd með hugsanlegu þágufalli með *auga*
 - a. honum voru augu þung (1)
 - b. e-m standa augu til e-s (2)
2. Dæmi um hugsanlegt þágufall með *fótur*
 - a. Dofi nn er mér fótur minn. (Vopnf 15;2001)
 - b. þó að þér sé sár fótur þinn (Hrafn 9;1405)
 - c. því að mér er fótur þungur. (Laxd. 37;1588)
 - d. en honum var svo stíður fóturinn ... (Fóstb 24; 836, 2 önnur lík dæmi koma fyrir)
 - e. þá skriðnuðu bóna fatur (Vígl 21;1981)
 - f. Þorgrími skruppu faturir (Njála 77;212, 2 önnur dæmi)
3. Orðasambönd með hugsanlegu þágufalli með *hugur*
 - a. e-r kveður sér illa/þungt hug segja um e-ð (2)
 - b. e-r kveður sér eigi/vel hug um segja (3)
 - c. e-m kveðst illa hug um segja (1)
 - d. e-m kveðst þungt hugur um segja (1)
 - e. e-r kveður sér hug þungt um segja (1)
 - f. e-m segir vel hugur um (1)
 - g. svo segir e-m hugr (4)
 - h. e-m segir það hugur (1)
 - i. sem e-m segir hugur (1)
 - j. e-m hefur hugur sagt (1)
 - k. svo [illa/vel/hinn veginn] segir mér hugur um (50)
 - l. segir mér eigi létt hugur um (1)
 - m. e-m hrýs hugur við (2)
 - n. e-m gengst hugur við (4)
 - o. e-m er á því hugur að ... (2)
 - p. e-m er hugur á að ... (20)
 - q. Lítil hugur er már á því (1)
 - r. e-m kveðst á því hugur að ... (1)
 - s. e-m gerist hugur á að ... (1)
 - t. þetta bauð mér hugur sem ... (1)
 - u. mér bauð hugur um að ... (1)
 - v. svo boðar mér hugur um ... (1)

4. Orðasambönd með hugsanlegu þágufalli með *hönd*
 - a. e-m fallast hendur
 - b. e-m eru mislagðar hendur
 - c. e-m er höndin ónýt
 - d. e-m verður höndin laus/meinlaus
 - e. höndin varð honum hvergi betri
 - f. og lét sér aldrei hendi fi rr ganga (Reykd 18;1760)

Viðauki D. Dæmi um orðasambönd með hugsanlegu þágu- falli með nafnorði í nútímamáli

Eftirfarandi dæmi eru úr *Orðstöðulykli að Hreiðrinu*, merkt (Hr), úr *Orðstöðulykli að Ef liðsinnt ég gæti* (Ef) og úr *Orðstöðulykli að Vestangúlpi Garró* (Ve). Allir þessir orðstöðulyklar eru í eigu Íslenskrar málstöðvar. Tölur við skammstafanir á heimild eiga við dæmafjölda. Ef engin tala fylgir heimild er dæmi aðeins eitt. Tölur eru gefnar með skástriki á milli ef tilbrigði eru í orðasambandi.

- Dæmi með orðinu *hönd***
 - falla** láta sér aldrei verk úr hendi falla (Ve)
 - farast** e-m ferst e-ð illa úr hendi (Ef)
 - leggja** sem honum var lagður í hendur (Hr)
 - lýsa** lýsa ábyrgð á hendur e-m (Ef)
 - selja** selja e-m í hendur e-ð (Hr)
 - sjá** sjá e-ð í hendi sér (Ve)
 - [stríð]** segja e-m stríð á hendur (Hr), (Ve)
stríð kreppunnar á hendur þeim (Ve)
 - taka** taka sér e-ð fyrir hendur (Hr)
taka sér e-ð (penna, reku, undirskál) í hönd (Hr,5)
taka sér e-ð fyrir hendur (Ef)
taka sér ferð á hendur (Ve)
 - vera** vera e-m innan handar (Ef)
- Dæmi með orðinu *hugur***
 - detta** láta sér detta í hug að ... (Hr)
e-m dettur í hug að ... (Hr,7), (Ef,9), (Ve)
e-m dettur í hug NI [þungur NI] (Ve,3)
e-m dettur e-ð í hug (Hr,5) (Ve,9)
 - [S]** dettur e-m í hug (Ve,3)
 - fljúga** e-m flýgur í hug að ... (Hr,5)
e-m flýgur í hug spádómur (Hr)
e-ð flýgur e-m í hug (Hr)
e-m flýgur e-ð í hug (Ve)
 - koma** e-m kemur e-ð til hugar (Ef,3)
 - snúast** e-m snýst hugur (Hr)
 - suða** ... suða um stund í hug mér (Hr)
 - vera** e-m er e-ð efst í huga að ... (Hr)
e-m er hlátur í hug ... (Hr)
e-m er í hug að ... (Ef)
e-m er e-ð ríkt [miklu ríkara] í huga að ... (Ef, 1/1)
e-m er e-ð ofar [efst] í huga en ... (Ef, 1/1)
- Dæmi með orðinu *fótur***
 - benda** benda á e-ð fyrir fótum sér (Ve)
 - draga** draga skó af fótum honum (Hr)
draga stígvél af fótum sér (Ve)
 - horfa** horfa niður fyrir fætur mér (Hr)
 - koma** koma einn á fætur öðrum (Ve)
 - skrika** e-m skrikar fótur (Ve)
 - stara** stara á e-ð fyrir fótum mér (Ve)
 - vera** e-ð er þeim fjötur um fót (Hr)